

Frumvarp til laga

um tónlistarskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013)

I. KAFLI.

Gildissvið, skilgreiningar og markmið.

1. gr.

Gildissvið, skilgreiningar.

Lög þessi taka til starfsemi tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélagi og sjálfstætt starfandi tónlistarskóla sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytis samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Markmið.

Tónlistarskólar skulu starfræktir í þágu menntunar, menningar og samfélags og stuðla að öflugu tónlistarlífi í landinu. Hlutverk tónlistarskóla er að veita nemendum tónlistarfræðslu sem grundvallast á uppeldislegum, samfélagslegum og faglegum markmiðum sem nánar eru útfærð í aðalnámskrá tónlistarskóla. Meginmarkmið tónlistarskóla er að efla hæfni, þekkingu og leikni tónlistarnemenda. Tónlistarskólar skulu þannig stuðla að menntun og þroska nemenda til þess að skapa tónlist, miðla henni og njóta. Í tónlistarskólum skal leitast við að tryggja jafnan rétt að tónlistarnámi og taka tillit til áhugasviða og þroska nemenda.

II. KAFLI.

Skipan tónlistarnáms.

3. gr.

Hlutverk ráðuneytis.

Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

Hlutverk ráðuneytisins er eftirfarandi:

1. að sinna almennri stefnumótun í málefnum tónlistarfræðslu í landinu,
2. að viðurkenna tónlistarskóla sem starfa á grundvelli laga þessara og afturkalla viðurkenningu þegar tónlistarskóli uppfyllir ekki lengur skilyrði laganna,
3. að styðja við þróunarstarf í tónlistarskólum og stuðla að gerð námsefnis,
4. að hafa forgöngu um samræmingu náms, prófa og réttinda er þau veita,
5. að annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um tónlistarfræðslu,
6. að hafa eftirlit með skólastarfi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla,
7. að veita fjárstuðning til tónlistarkennslu svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum,
8. að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara í reglugerð sem sett skal í samráði við samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar skv. 22. gr.

Ráðuneytinu er heimilt með samningi að fela þar til bærum aðila að annast verkefni skv. 3., 4. og 5. tölul. 2. mgr.

4. gr.

Hlutverk sveitarfélaga.

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og þróun skólahalds í þeim tónlistarskólum sem þau reka með þeim hætti sem greinir í lögum þessum. Í skólastefnu sveitarfélags skal fjallað um stefnu á sviði tónlistarfræðslu. Stefnan skal vera í samræmi við markmið laganna og skal hún kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins.

Sveitarfélög greiða launakostnað kennara og skólastjóra eins og nánar er kveðið á um í V. kafla laga þessara.

Sveitarfélög láta ráðuneyti í té nauðsynlegar upplýsingar um skólahald í tónlistarskólum samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur í samráði við samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar skv. 22. gr.

III. Kafli.

Stofnun og rekstur tónlistarskóla.

5. gr.

Tónlistarskólar sveitarfélaga.

Ef sveitarstjórn ákveður að koma á fót tónlistarskóla skal hún setja samþykktir fyrir skólann. Skal þar m.a. kveðið á um yfirstjórn skólans og ráðningu starfsmanna. Rekstur tónlistarskóla samkvæmt þessari grein skal ekki fara fram í hagnaðarskyni.

Sveitarfélögum, tveimur eða fleiri, er heimilt að hafa með sér samvinnu um rekstur tónlistarskóla, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga. Velji sveitarfélög að reka saman tónlistarskóla í formi byggðasamlags, sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga, fer stjórn byggðasamlags með hlutverk sveitarfélaga skv. 4. gr. laga þessara nema stofnuð sé sérstök nefnd til að fara með það hlutverk á vegum byggðasamlagsins. Ákvæði um slíkt fyrirkomulag skulu sett í samning um stofnun byggðasamlags.

Sveitarfélög geta samið um það sín á milli að tónlistarskóli sem starfar samkvæmt þessari grein veiti þjónustu í fleiri en einu sveitarfélagi án þess að um eignaraðild allra sveitarfélaga verði að ræða.

Sveitarfélögum er heimilt að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í einni stofnun undir stjórn eins skólastjóra, sbr. ákvæði laga um leikskóla og laga um grunnskóla. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Í samreknum skóla skal leitast við að umsjónaraðili yfir tónlistardeild hafi bakkalágráðu á sviði tónlistar.

6. gr.

Sjálfstætt starfandi tónlistarskólar.

Aðrir en sveitarfélög geta stofnað tónlistarskóla samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkir tónlistarskólar geta starfað sem sjálfseignarstofnanir eða samkvæmt öðru viðurkenndu félagiformi. Stofnkostnaður sjálfstætt starfandi tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans.

Áður en tónlistarskóli hefur starfsemi skal upplýsa sveitarstjórn um stofnun hans. Tilkynningu skal fylgja skólanámskrá, upplýsingar um hverjir séu stofn- og ábyrgðaraðilar skólans, hvaða húsnæði hann hafi til afnota og hvaða greinar tónlistar ætlunin sé að leggja áherslu á.

Viðurkenning ráðuneytis á sjálfstætt starfandi tónlistarskóla felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu sveitarsjóðs eða ríkissjóðs. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi. Ef stofnendur tónlistarskóla óska eftir því við sveitarfélagið að gerður verði þjónustusamningur um tónlistarkennslu, sbr. 8. gr., skal sveitarstjórn fjalla um erindið og taka afstöðu til þess innan hæfilegs tíma.

7. gr.

Viðurkenning tónlistarskóla.

Til að tónlistarskóli geti öðlast viðurkenningu ráðuneytis þarf hann að:

1. veita hverjum nemanda kennslu í aðalnámsgrein að lágmarki eina klukkustund á viku (60 mín.) auk þeirra tónfræðagreina sem kenndar eru í hóptímum og aðalnámsskrá tónlistarskóla gerir kröfur um,
2. kenna nemendum samkvæmt aðalnámsskrá tónlistarskóla í söng-, hljóðfæra- og tónfræðagreinum,
3. hafa skólanámsskrá sem er í samræmi við kröfur sem gerðar eru í aðalnámsskrá tónlistarskóla,
4. hafa á að skipa hæfum stjórnendum og kennurum, sbr. 9. gr.,
5. starfa samkvæmt skóladagatali sem sveitarstjórn samþykkir,
6. hafa umráð yfir húsnæði sem uppfyllir kröfur um skólahúsnæði,
7. upplýsa sveitarstjórn um stofnun skólans.

Rekstraraðili tónlistarskóla ber ábyrgð á að skóli uppfylli skilyrði til þess að viðhalda viðurkenningu ráðuneytis.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar skv. 22. gr. Í reglugerð skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu og eftirlit með viðurkenndum tónlistarskólum, og hvernig staðið verði að veitingu, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar .

8. gr.

Þjónustusamningar við sjálfstætt starfandi tónlistarskóla.

Óski sjálfstætt starfandi tónlistarskóli sem uppfyllir skilyrði 7. gr. eftir framlagi sveitarstjórnar skv. 15. gr. og sveitarstjórn samþykkir erindið, skal sveitarstjórn gera þjónustusamning við viðkomandi tónlistarskóla í samræmi við 100. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í þjónustusamningi skulu koma fram helstu áherslur í skólastarfi í samræmi við skólafélag sveitarfélags og skólanámsskrá viðkomandi skóla. Þar skal m. a. mælt fyrir um eftirfarandi atriði:

1. forsendur fyrir framlagi frá sveitarfélagi,
2. heimildir til gjaldtöku af nemendum,
3. upplýsingagjöf og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings,
4. stjórn skóla,
5. meðferð rekstrarafgangs af framlagi sveitarfélags til skóla,
6. endurnýjun þjónustusamnings og heimildir til uppsagnar eða riftunar og
7. ráðstöfun eigna tónlistarskóla ef hann hættir störfum.

Aðilar þjónustusamnings skulu reglulega fara yfir framkvæmd hans og endurskoða ef ástæða þykir til. Um undirbúning ákvarðana sveitarstjórnar um uppsögn eða riftun þjónustusamnings gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

9. gr.

Skólastjóri og starfsfólk tónlistarskóla.

Skólastjóri er forstöðumaður tónlistarskóla og skal hann stjórna honum, veita honum faglega forustu og ber ábyrgð á að skólinn starfi í samræmi við lög þessi.

Við ráðningu skólastjóra tónlistarskóla skal velja til starfa einstakling sem hefur að lágmarki lokið bakkalárgráðu á sviði tónlistar og hefur reynslu af kennslu úr tónlistarskóla, auk viðbótarmenntunar í stjórnun. Við ráðningu annarra faglegra stjórnenda og tónlistarskólakennara skal leitast við að velja til starfa einstaklinga sem lokið hafa háskólagráðu á sviði tónlistar.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við tónlistarskóla sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Fyrir ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

10. gr.

Aðild að skólanefnd sveitarfélags.

Málefni tónlistarskóla skulu heyra undir skólanefnd sveitarfélags eða skipað með öðrum hætti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Boða skal fulltrúa tónlistarskóla í sveitarfélaginu á fund þegar málefni tónlistarfræðslu eru til umfjöllunar í skólanefnd sveitarfélags.

11. gr.

Skólaráð.

Við tónlistarskóla skal starfrækt skólaráð sem er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um og rekstraraðilar kunna að fela ráðinu. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Tónlistarskólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun skólaráðs. Nánar skal fjallað um starfsemi og skipan skólaráðs í skólanámskrá.

Heimilt er að stjórn tónlistarskóla gegni hlutverki skólaráðs.

IV. KAFLI.

Skipulag tónlistarnáms.

12. gr.

Aðalnámskrá tónlistarskóla.

Ráðherra setur tónlistarskólum aðalnámskrá. Í aðalnámskrá skal kveðið á um hlutverk tónlistarskóla, meginmarkmið náms og kennslu, uppbyggingu og skipan náms, starfshætti, samvinnu í skólastarfi, mat á skólastarfi, námsumhverfi og útgáfu skólanámskrár. Í aðalnámskrá tónlistarskóla skal eftir því sem kostur er leitast við að skilgreina inntak náms í hæfniprepum og umfang nemendatíma.

Ráðuneytið sér um útgáfu aðalnámskrár tónlistarskóla og skal auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.

Skólanámskrár, skólareglur og meðferð mála.

Í hverjum tónlistarskóla skal gefa út skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá tónlistarskóla. Þar skal gera grein fyrir starfsemi og stjórn skólans, sérstöðu hans, helstu áherslum og stefnumörkun, skóladagatali, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati og námsframvindu, réttindum og skyldum nemenda, skólareglum, samstarfi heimilis og skóla, innra mati og öðru því sem tónlistarskóli kys að kveða á um í skólanámskrá.

Þegar tónlistarskóli er í samstarfi við almenna skóla eða aðra tónlistarskóla skal þess getið í skólanámskrá og kveðið á um það á hvern hátt tekið sé tillit til þarfa þeirra nemenda sem stunda nám í skólunum.

Skólanámskrár tónlistarskóla sveitarfélaga og sjálfstætt starfandi tónlistarskóla skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins og skal við undirbúning og endurskoðun þeirra afla umsagna frá skólaráði og skólanefnd viðkomandi skóla.

14. gr.

Skólabragur.

Öllum aðilum skólasamfélagsins ber að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag. Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi. Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla.

Skólastjórum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra yngri en 18 ára. Foreldrum ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Sama á við um aðra forsjáraðila barna í viðkomandi skóla.

Tónlistarskólar skulu móta sér áætlun um hvernig skuli fyrirbyggja að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi. Tónlistarskólar hafa tilkynningarskyldu gagnvart barnaverndaryfirvöldum um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Áætluninni skal m.a. framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur.

Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi og ástundun náms. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Starfsfólk tónlistarskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi nemenda og foreldra þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

V. KAFLI

Fjárhagsmálefni.

15. gr.

Fjárstuðningur sveitarfélaga.

Sveitarfélög sem reka tónlistarskóla greiða launakostnað skólastjóra og kennara í samræmi við samþykktu rekstraráætlun og þær breytingar sem verða á launatöxtum í samræmi við kjarasamninga sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara og skólastjóra tónlistarskóla á hverjum tíma, sbr. 20. gr.

Sjálfstætt starfandi tónlistarskólar, sem ekki eru reknir af sveitarfélögum en njóta stuðnings samkvæmt lögum þessum, skulu senda áætlun um kennslu og fjölda nemenda á næsta fjárhagsári til viðkomandi sveitarstjórnar eigi síðar en 15. maí ár hvert nema annað sé tekið fram í þjónustusamningi eða reglum viðkomandi sveitarfélags. Sveitarstjórn skal taka afstöðu til áætlunar skólans og tilkynna skólanum niðurstöðuna fyrir 15. júní ár hvert nema annað leiði af þjónustusamningi.

Greiðsla skal fara fram mánaðarlega samkvæmt nánara samkomulagi milli skólastjórnar og sveitarstjórnar.

Tónlistarskólar sem starfa á grundvelli 5. og 6. gr. skulu senda sveitarfélögum á sínu starfssvæði ársskýrslu ásamt ársreikningi þar sem fram koma nauðsynlegar upplýsingar um ráðstöfun fjármuna frá viðkomandi sveitarfélagi eins og nánar er kveðið á um í reglugerð skv. 2. mgr. 3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir stuðningi samkvæmt þessari grein eftir því sem fjármunir eru veittir til tónlistarfræðslu í fjárhagsáætlun sveitarfélags, sbr. einnig 16. gr.

16. gr.

Stuðningur við tónlistarnám utan lögheimilissveitarfélags.

Um rétt nemenda til tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfélags sem ekki fellur undir ákvæði 17. gr., gilda reglur sem lögheimilissveitarfélag setur skv. 5. mgr. 15. gr. Greiðsluþátttaka lögheimilissveitarfélags skal að lágmarki miðast við meðalkennslukostnað fyrir nemendur í samsvarandi námi í tónlistarskóla sem tekur við nemandanum, sbr. 7. gr.

Ef sveitarfélag starfrækir sjálft tónlistarskóla en nemendur sækja tónlistarnám í öðru sveitarfélagi er sveitarstjórn heimilt að setja nánari skilyrði um stuðning skv. 1. mgr., svo sem að gera kröfu um að nemendur hafi lokið grunnnámi, eða takmarka stuðning við nám í öðrum hljóðfæragreinum en kenndar eru í sveitarfélaginu.

17. gr.

Fjárstuðningur ríkisins.

Ríkissjóður greiðir árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem skal renna til greiðslu kennslukostnaðar við söngnám í mið- og framhaldsnámi og hljóðfæranám í framhaldsnámi, að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað. Við ákvörðun framlagsins í fjárlögum skal tekið mið af áætluðu kennslumagni og kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma. Ríki og Samband íslenskra sveitarfélaga gera með sér samkomulag til fimm ára í senn um fjárstuðning ríkisins til sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum í samræmi við opinbera fjármálastefnu.

Sveitarfélög skulu tryggja að framlag skv. 1. mgr. fjármagni kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru í viðurkennda tónlistarskóla án tillits til búsetu nemenda. Sveitarfélög skulu jafnframt tryggja að nemendur sem njóta framlags greiði ekki annað en skólagjöld til viðkomandi tónlistarskóla.

Ráðherra sveitarstjórnarmála setur nánari ákvæði um úthlutun framlags skv. 1. mgr. og upplýsingaskyldu sveitarfélaga og tónlistarskóla í reglugerð sem samin er í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar skv. 22. gr. Í reglugerðinni er heimilt að kveða á um framlög til sveitarfélaga vegna nemenda í tónlistarnámi sem ekki falla undir 1. mgr. en þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags.

18. gr.

Innritun.

Hver tónlistarskóli ber ábyrgð á innritun nemenda. Við innritun skulu liggja fyrir allar nauðsynlegar upplýsingar um námið, kröfur sem tónlistarskólinn gerir til nemenda, réttindi þeirra og skyldur, þ. m. t. öll gjöld sem nemanda ber að greiða skv. 19. gr., auk upplýsinga um hvort viðkomandi nám telst viðurkennt, sbr. 7. gr.

Hverjum tónlistarskóla er heimilt að gera sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur við innritun á einstakar námsbrautir.

Við innritun barna yngri en 18 ára skal tónlistarskóli afla upplýsinga frá foreldrum sem nauðsynlegar eru og gætu haft áhrif á nám nemenda.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um meðferð og miðlun upplýsinga um námsframvindu vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í tónlistarskóla og um rétt foreldra til þess að fá vitneskju um slíkar upplýsingar að höfðu samráði við samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar skv. 22. gr.

19. gr.

Innheimta skólagjalda og kennslukostnaðar.

Tónlistarskóla er heimilt að innheimta skólagjöld vegna náms sem skipulagt er skv. aðalnámskrá tónlistarskóla til að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en kennslukostnaði.

Tónlistarskóla er heimilt að innheimta gjöld vegna annars tónlistarnáms, námskeiða og/eða námsbrauta sem njóta einskis eða skerts fjárhagslegs stuðnings sveitarfélags, sbr. 15. og 16. gr.

20. gr.

Kjararátt.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna tónlistarskóla í eigu sveitarfélaga gilda ákvæði kjarasamninga á hverjum tíma, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn sjálfstætt starfandi tónlistarskóla, sem ekki eru reknir af sveitarfélögum, en njóta styrks samkvæmt lögum þessum, skulu að lágmarki njóta launa í samræmi við kjarasamninga sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög þeirra á hverjum tíma.

21. gr.

Sprotasjóður skóla

Tónlistarskólar skulu eiga rétt á framlögum úr sameiginlegum sprotasjóði skóla, ásamt leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við reglur sem ráðuneytið setur.

22. gr.

Samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sjö manna samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar. Nefndin skal vera ráðgefandi fyrir ráðherra í málefnum á sviði tónlistarfræðslu.

Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum tónlistarskólustjóra, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi tónlistarskólakennara, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi íslenskra hljómlistarmanna og tveir fulltrúar án tilnefningar og er annar þeirra formaður nefndarinnar. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í nefnd lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Nefndin skal að jafnaði koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á hverju misseri á starfstíma tónlistarskóla og skila skýrslu til ráðherra fjórða hvert ár með tillögum um framþróun tónlistarfræðslu.

23. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2013. Jafnframt falla úr gildi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skulu tónlistarskólar sem starfandi eru á grundvelli laga nr. 75/1985 halda viðurkenningu sinni í tólf mánuði, enda fullnægi þeir lágmarkskröfum samkvæmt lögum þessum. Innan þess tíma skulu tónlistarskólar sem falla undir 5. gr. og 6. gr. hafa sótt um viðurkenningu til ráðuneytisins á grundvelli laga þessara.

II.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt lögum nr. 75/1985, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Það felur í sér heildarendurskoðun á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum, með það að markmiði að setja nýja heildstæða löggjöf um tónlistarskóla.

Vinna við frumvarpið hefur átt sér nokkurn aðdraganda. Frá árinu 2004 hafa starfað tvær ráðherraskipaðar nefndir að endurskoðun gildandi laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum.

Hinn 13. maí 2011 var undirritað samkomulag milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um tónlistarfræðslu. Samkvæmt samkomulaginu var lagður grundvöllur að eflingu tónlistarnáms með aðkomu ríkissjóðs að kennslukostnaði í tónlistarskólum sem gerir nemendum kleift að stunda hljóðfæranám í framhaldsnámi og söngnám í mið- og framhaldsnámi, óháð búsetu. Jafnframt er í samkomulaginu og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þess leitast við að jafna aðstöðumun annarra nemenda til tónlistarnáms vegna búsetu með því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði hluta kennslukostnaðar á móti því sveitarfélagi þar sem nemandi á lögheimili. Á gildistíma samkomulagsins skyldi veitt úr ríkissjóði framlag að fjárhæð 520 millj. kr. á ársgrunni vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum. Fjárstuðningur ríkisins skyldi greiðast til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sveitarfélögum var ætlað að tryggja að fjárstuðningur ríkisins rynni til tónlistarkennslu þeirra nemenda sem innritast hefðu í viðurkenndan tónlistarskóla og uppfylla nánari skilyrði samkomulagsins. Þá var sveitarfélögum ætlað að tryggja að nemendur sem uppfylltu inntökuskilyrði tónlistarskóla og reglur um námsframvindu gætu stundað hljóðfæranám í framhaldsnámi og söngnám í mið- og framhaldsnámi án tillits til búsetu. Ýmis atriði í samkomulaginu eru nánar útfærð í frumvarpi þessu.

Á 140. löggjafarþingi voru samþykkt lög um breytingar á ýmsum lögum vegna eflingar tónlistarnáms. Með lögnum voru lögfestar breytingar sem leiðir af framangreindu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 og samkomulagi sömu aðila frá 5. október 2011 um tímabundnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, í tengslum við fyrrgreint samkomulag. Gildistími þessara samninga var ákveðinn frá 1. júlí 2011 til 31. ágúst 2013. Þegar þetta er ritað stendur yfir endurskoðun á framangreindu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Almennt er viðurkennt að krefjandi tónlistarnám sé þroskandi og uppbyggjandi fyrir ungt fólk. Reynsla og upplifun af listum og menningu er talin geta haft afgerandi þýðingu fyrir þroska hvers og eins. Með tónlistaruppeldi eru einstaklingum skapað tækifæri til að þroska hæfileikann til innlifunar, hrifnæmi og tjáningar. Talið er að fagurfræðileg reynsla veiti börnum og unglingum kost á að þróa með sér fjölbreyttar leiðir til tjáningar, lífsfyllingar og samskipta við annað fólk. Listfræðsla er almennt talin efla samkennd, meðvitund um sameiginleg gildi, lífsgæði og tilgang, samvinnu og hefðir samfélagsins. Því má segja að tónlistarnám þroski einstaklinginn með fjölbreyttum hætti á sviði tilfinninga, tjáningar, vitsmuna, hreyfigetu, agaðra vinnubragða og samvinnu. Tónlistin gefur færi á

sameiginlegri upplifun hvort sem er við flutning hennar eða hlustun. Allt framangreint getur verið uppspretta bættrar sjálfsmyndar einstaklingsins sem stuðlar að auknum lífsgæðum og um leið betra samfélagi. Þarfir þjóðfélagsins fyrir listir og menningu hafa líklega aldrei verið meiri en nú þegar ýmis rötgróin gildi og viðteknar hefðir eru á undanhaldi. Ytra umhverfi upplýsingasamfélagsins hefur sífellt meiri mótandi áhrif á börn og unglinga og staða heimilis og skóla sem uppeldisstofnana er ekki eins sterk og áður. Fjölskyldan sem grunneining samfélagsins á í vök að verjast og uppeldishlutverk hennar færast í auknum mæli yfir á önnur svið samfélagsins. Á hinum mörgu sviðum samfélagsins mótast gildismat þegnanna og eru menntastofnanir og menningarstarf þar í lykilhlutverki. Á þetta einkum við um tónlistarskólana sem eru sameiginlegur vettvangur ólíkra hópa í samfélaginu, ólíkra kynslóða, innflytjenda og áhugahópa. Tónlist er viðfangsefni á sviði fjölmenningar og ólíkra tónlistarstefna þar sem tónlistarrannsóknir nýtast sem tæki til nýsköpunar. Með áframhaldandi stuðningi hins opinbera við tónlistarskóla eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu er lagður grundvöllur að tónlist skipi áfram mikilvægan sess í samfélagi framtíðarinnar. Tónlistarskólar munu þannig geta þjónað þörfum og kröfum samfélagsins og fólksins sem það byggir. Það er í takt við þarfir einstaklingsins, sem og samfélagsins í heild, að gera tónlistarkennslu jafnhátt undir höfði og öðrum námsgreinum í skólakerfi grunnskóla og framhaldsskóla. Tónlistarskólar og tónlistarkennsla gegna lykilhlutverki í því að miðla þeirri menningararfleifð sem felst í tónlistararfinum frá kynslóð til kynslóðar. Tónlistarmenning og menntun eru meðal þátta sem efla samheldni þjóðarinnar. Með virkri þátttöku í tónlistarlífi gefst einstaklingum, óháð aldri, kyni og þjóðerni, tækifæri til sameiginlegrar upplifunar á tímum þar sem einstaklingshyggja og upplifun manneskjunnar er að verða allsráðandi. Tónlistarskólar eru því mikilvægari farvegur fyrir sköpunargeði og tjáningu en nokkru sinni fyrr.

Gildandi löggjöf um málefni tónlistarfræðslu fjallar einungis um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og að litlu leyti um starfsemi þeirra. Þegar fjallað er um mikilvægi tónlistarnáms þykir óumdeilt að viðhalda beri núverandi kerfi opinbers stuðnings við tónlistarskóla. Á tímum hnattvæðingar er mikilvægt fyrir smáþjóð eins og Ísland að styðja við þá menningarstarfsemi sem er til þess fallin að viðhalda íslenskum menningararfi. Einn liður í slíku er opinber stuðningur við tónlistarnám. Markmið frumvarps þessa er að sett verði ný heildarlög um starfsemi tónlistarskóla sem starfa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og um samskipti ríkis og sveitarfélaga í þeim efnium. Að öðru leyti miðar frumvarpið að því að leggja drög að uppeldislegum, samfélagslegum og faglegum markmiðum tónlistarnáms. Skilgreind er staða tónlistarskóla innan skóla- og menntakerfisins. Frumvarpinu er ætlað að styðja við hlutverk tónlistarskóla á vettvangi mennta- og menningarmála, tryggja lýðræðislega stjórnskipan tónlistarskóla, stuðla að jafnræði nemenda og tækifæri sem flestra til tónlistarnáms óháð aldri, efnahag, menningarbakgrunni og búsetu. Þá er frumvarpinu ætlað að styðja við þróunarstarf í tónlistarskólum og veita svigrúm til könnunar á nýjum rekstrarformum og skapa samstarfsgrundvöll við almenna skóla og menningarstofnanir. Enn fremur er frumvarpinu ætlað að tryggja upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun um starfsemi tónlistarskóla og stuðla að faglegum metnaði í starfi tónlistarskóla.

Í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum, er kveðið á um greiðsluskyldu sveitarfélaga vegna launa kennara og skólastjóra tónlistarskóla þegar sveitarfélag annast sjálft rekstur tónlistarskóla eða hefur samþykkt stofnun sjálfstætt starfandi tónlistarskóla. Um alllangt skeið hafa hafa staðið yfir viðræður á milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu og fyrirkomulag á sviði tónlistarfræðslu. Verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga um málefni tónlistarfræðslu hefur verið þannig hagað frá árinu 1989 að tónlistarnám fram að háskólastigi telst vera verkefni sveitarfélaga en tónlistarnám á háskólastigi telst vera verkefni ríkisins. Árið 2003 ákvað Reykjavíkurborg að frá haustinu 2004 yrði eingöngu greiddur kennslukostnaður í tónlistarskólum fyrir þá nemendur sem ættu lögheimili í Reykjavík. Hafði þetta í för með sér óþægindi og óvissu fyrir tónlistarnema sem stunduðu nám í tónlistarskólum utan lögheimilissveitarfélags. Því hefur lengi legið

fyrir að vanda framangreindra nemenda verði ekki mætt öðruvísi en að ríkið taki með einhverjum hætti þátt í kennslukostnaði nemenda í tónlistarskólum.

Frumvarpið felur í sér mikilvæga réttarbót fyrir þá nemendur sem hafa stundað tónlistarnám utan þess sveitarfélags þar sem þeir eiga lögheimili. Þeir nemendur hafa margir um nokkurra missera skeið þurft að greiða kennslukostnað við tónlistarskóla úr eigin vasa, til viðbótar almennum skólagjöldum í tónlistarnámi. Hér er því lagt til að lögfest verði framangreint samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þess efnis að jafna aðstöðumun nemenda og að gera þeim kleift að stunda nám sitt óháð búsetu, líkt og nánar er útfært í frumvarpi þessu. Lagt er til í frumvarpinu að ríkissjóður veiti árlegt framlag sem skal renna í kennslukostnað vegna mið- og framhaldsnáms í söng og framhaldsnáms í hljóðfæraleik. Einnig munu sveitarfélögin stuðla að því að nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði tónlistarskóla og reglur um námsframvindu geti stundað mið- og framhaldsnám í söng og framhaldsnám í hljóðfæraleik án tillits til búsetu.

III. Skipan og þróun tónlistarfræðslu.

1. Tónlistarskólar.

Tónlist skipar stóran sess í menningarlífi þjóðarinnar og áhugi á iðkun og námi tónlistar kemur m.a. fram í eflingu tónlistarskólanna á undanförunum árum og áratugum. Hér á landi starfa fjölmargir tónlistarskólar sem bjóða upp á margþætt og vandað hljóðfæra- og söngnám. Þessir skólar hafa ákveðna sérstöðu miðað við aðra listaskóla þar sem þeir njóta mikils opinbers stuðnings og mikils velvilja í samfélaginu. Tónlistarskólarnir gegna mikilvægu hlutverki í miðlun tónlistarþekkingar og þróun tónlistar. Þeir þjóna breiðum hópi tónlistariðkenda á ýmsum aldri, jafnt þeim sem stunda námið sér til lífsfyllingar og þeim sem hyggjast leggja tónlistina fyrir sig.

Talið er að fyrsti tónlistarskólinn hafi verið stofnaður hér á landi á Ísafirði árið 1911. Tónlistarskólinn í Reykjavík hefur starfað frá árinu 1930. Flestir af eldri skólum landsins voru stofnaðir á árunum 1946-1952. Eftir árið 1975 hefur tónlistarskólum fjölgað mikið, einkum vegna gildistöku laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 22/1975. Settir voru á fót ólíkir skólar við mismunandi aðstæður sem taka tillit til fjölbættra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska. Í mörgum sveitarfélagum landsins eru starfræktir öflugir tónlistarskólar með það að markmiði að gegna hlutverki alhliða miðstöðvar í þágu tónlistarkennslu og menningar í sveitarfélaginu. Tónlistarskólar eru því í aðstöðu til að miðla af þekkingu og getu til annarra mennta- og menningarstofnana og menningarlífsins í heild. Ásamt því að vera veigamikil undirstaða þess gróskumikla tónlistarlífs sem fram fer innan þeirra, getur það starf sem fer fram innan veggja tónlistarskólans verið grundvöllur, aflvaki og miðstöð nútímamenningar.

Frá árinu 1959 var starfrækt svonefnd kennaradeild við Tónlistarskólann í Reykjavík. Sérstök tónlistarbraut til stúdentsprófs hófst 1972 með samstarfi Tónlistarskólans í Reykjavík og Menntaskólans við Hamrahlíð. Fyrsta námskráin í tónlist var útgefin af menntamálaráðuneytinu árið 1976, námskrá fyrir píanóleik. Frá árinu 1977 hefur nemendum í 9. bekk grunnskóla staðið til boða að taka hljóðfæraleik eða kórstarf sem valgrein. Frá haustinu 2001 hefur verið starfrækt tónlistardeild við Listaháskóla Íslands. Árið 2000 gaf menntamálaráðuneytið svo út fyrstu aðalnámskrá tónlistarskóla. Starfandi tónlistarskólar sem njóta stuðnings skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eru ríflega 80 en nemendur eru um 15.000 og kennarar tæplega 900.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út í tíu heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrá og ný sérstaka greinahluta. Í almennum hluta aðalnámskrár er m.a. gerð grein fyrir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla, skipan tónlistarnáms, greinanámskrám og skólanámskrám, fjallað um kennslu og kennsluhætti, þætti í hljóðfæra- og tónfræðinámi, námsmat og próf, tengsl heimila og skóla og samvinnu í skólastarfi. Auk þess eru tveir af hverjum þremur tónlistarskólum með sérstaka skólanámskrá. Á meðal tónlistarskólanna er einnig tiltekið matskerfi starfrækt, prófnefnd tónlistarskóla, sbr. umfjöllun hér á eftir undir lið 3.2.

2. *Þróun löggjafar á sviði tónlistarfræðslu.*

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla voru upphaflega sett árið 1963 sem lög nr. 12/1963. Skv. 2. gr. laganna fengu tónlistarskólar sem uppfylltu skilyrði laganna allt að 1/3 af rekstrarkostnaði sínum greiddan úr ríkissjóði en þó aldrei hærrí fjárhæð en nam fjárstuðningi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans. Þeir skólar í fámennum byggðum sem ekki uppfylltu ákvæði laganna gátu sótt um rekstrarstyrki til menntamálaráðuneytisins og gátu þeir styrkir numið allt að 1/3 af rekstrarkostnaði samkvæmt framansögðu. Þá veitti menntamálaráðuneytið tónlistarskólum styrki til hljóðfærakaupa, allt að 1/3 af andvirði hljóðfæris.

Lög nr. 12/1963 voru leyst af hólmi með lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 22/1975. Í 2. gr. laganna var mælt fyrir um að tónlistarskólar sem uppfylltu ákvæði laganna ættu rétt á styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi er næmi launagreiðslum til skólastjóra og kennara. Sveitarstjórn réði skólastjóra og kennara að fengnum tillögum skólanefndar og teldust þeir starfsmenn sveitarfélagsins. Þá var tekið fram að viðkomandi sveitarfélag annaðist launagreiðslur en ríkisstyrkur er næmi 50% launakostnaðar skyldi greiddur mánaðarlega til sveitarfélagsins.

Lög nr. 22/1975 voru felld úr gildi með lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Í 7. gr. laganna var mælt fyrir um að tónlistarskólar sem væru reknir af sveitarfélögum skyldu fá styrk úr ríkissjóði sem næmi 50% af launagreiðslum til skólastjóra og kennara. Í 10. gr. laganna var kveðið á um að tónlistarskólar sem væru eigi reknir af sveitarfélögum skyldu fá launakostnað skólastjóra og kennara greiddan úr sveitarsjóði launakostnað skólastjóra og kennara en ríkissjóður skyldi endurgreiða sveitarfélagi helming útlagðs kennslukostnaðar.

Með XI. kafla laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, voru gerðar þær breytingar á lögum nr. 75/1985 að greiðsluþáttaka ríkissjóðs í hljóðfærakaupum og launakostnaði tónlistarskóla féll niður og skyldu sveitarfélögin frá þeim tíma ein bera greiðsluskyldu samkvæmt lögunum en ríkissjóður bæri áfram ábyrgð á æðri tónlistarmenntun, þ.e. á háskólastigi. Áður en lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 12/1963, voru sett höfðu tónlistarskólar aðeins notið lágmarksstyrkja frá ríki og sveitarfélögum.

Með lögunum frá 1963 fjölgaði tónlistarskólum og starfandi skólar stækkuðu. Í kjölfar setningar laga nr. 22/1975 fjölgaði tónlistarskólum enn frekar. Með setningu laga nr. 75/1985 hægði á vexti tónlistarskólakerfisins þar sem sveitarstjórnnum var nú gefið vald til þess að samþykkja eða hafna greiðslum til nýrra tónlistarskóla og komið var í veg fyrir að nýir skólar fengju sjálfkrafa styrk við það eitt að fullnægja skilyrðum laganna fyrir fjárhagslegum stuðningi, sem höfðu einnig verið hert. Frá 1989 báru sveitarfélögin ein greiðsluskyldu vegna rekstrar tónlistarskólanna eins og áður greinir. Það kerfi fjárhagslegs stuðnings við tónlistarskóla sem komið var á fót með lögum nr. 12/1963, og var verið viðhaldið með lögum nr. 22/1975 sem og núgildandi lögum nr. 75/1985, hefur stuðlað að því að tækifæri til tónlistarnáms hafa staðið nú fleirum til boða en áður.

3. Fyrirkomulag tónlistarfræðslu.

Eins og áður segir hefur verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga í málefnum tónlistarfræðslu verið þannig hagað frá árinu 1989 að tónlistarfræðsla fram að háskólastigi telst vera verkefni sveitarfélaga en tónlistarnám á háskólastigi er verkefni ríkisins. Tónlistarskólar hafa ákveðna sérstöðu innan skólakerfisins. Starfsemi þeirra skarast á margan hátt við starfsemi annarra skóla og tengist samfélaginu með öðrum hætti en þeir. Sú kennsla sem fram fer í tónlistarskólum er ekki bundin í lög en engu að síður getur skólinn tekið að sér kennslu og önnur verkefni í samstarfi við stofnanir sem sinna lögbundnu námi. Tryggja þarf að við slíkar aðstæður ríki jafnræði milli stofnana, að tónlistarskólinn búi við sambærilegan lagaramma og aðrir skólar sem tekur mið af sérstöðu hans.

3.1. Námsfyrirkomulag tónlistarfræðslu samkvæmt aðalnámskrá.

Tónlistarskólar um allt land kenna eftir framangreindri aðalnámskrá tónlistarskóla en í henni er lýsing á námi upp að háskólanámi. Nám í tónlistarskólum skiptist í þrjá megináfanga, grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Nemendur byrja tónlistarnám á ýmsum aldri og námshraði þeirra er misjafn. Áfangaskipting tónlistarnáms er óháð uppbyggingu í almenna skólakerfinu en með áfangaprófum eru tryggðar ákveðnar lágmarkskröfur í námi. Í aðalnámskrá tónlistarskóla segir að við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms skuli nemendur þreyta áfangapróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum.

Tilgangur áfangaprófa er fjölþættur. Prófunum er ætlað að skera úr um hvort og að hve miklu leyti nemendur uppfylla ákveðnar samræmdar kröfur um hæfni. Þeim er einnig ætlað að afla upplýsinga um nám og kennslu á vissum sviðum innan tónlistarskóla, meta frammistöðu nemenda í samræmi við markmið og kröfur aðalnámskrár og gera nemendum grein fyrir eigin frammistöðu í hverjum prófþætti. Enn fremur eru prófin lokapróf úr viðkomandi áfanga innan tónlistarskólans. Til að ljúka framhaldsprófi þarf nemandi að halda sjálfstæða tónleika innan eða utan skólans, auk þess að standast próf í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum. Framhaldspróf markar ákveðin skil í náminu og við tekur háskólanám í tónlist.

3.2. Hlutverk prófanefndar.

Hlutverk Prófanefndar tónlistarskóla er að annast samræmt og hlutlaust mat á áfangaprófum í tónlistarskólum í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá tónlistarskóla. Prófanefnd tónlistarskóla var sett á fót að frumkvæði Samtaka tónlistarskólustjóra, Félags tónlistarskólakennara og Félags íslenskra hljómlistarmanna að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samkvæmt skipulagsskrá fyrir Prófanefnd tónlistarskóla tilnefna Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök tónlistarskólustjóra hvor sinn fulltrúa í Prófanefndina. Þá tilnefna Félag tónlistarskólakennara og Félag íslenskra hljómlistarmanna sameiginlega einn nefndarmann. Loks kýs fulltrúaráð Prófanefndar tvo nefndarmenn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Prófanefnd velur formann og varaformann úr sínum hópi. Með samræmdu prófakerfi er leitast við að tryggja sem kostur er að sambærileg þekking og færni búi að baki prófi, án tillits til þess hvaða skóla, kennara eða prófdómara um er að ræða. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur fylgst með starfsemi prófanefndar tónlistarskóla frá upphafi og veitt nefndinni fjárstuðning, bæði vegna prófdómaranámskeiðs og undirbúnings prófakerfisins.

3.3. Kostnaður – kennslukostnaður og innheimta skólagjalda.

Af þeirri verkaskiptingu sem er á milli ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning tónlistarskóla, nr. 75/1985 hafa skapast álitamál um ábyrgð á kennslukostnaði og greiðslu skólagjalda vegna þess tónlistarnáms sem stundað er samhliða námi í framhaldsskóla og metið þar til

eininga á svonefndum listnámsbrautum eða sem hluti af frjálssu vali. Um þetta álitaeftirliki fjallaði umboðsmaður Alþingis í álitinu frá 3. apríl 2007 (mál nr. 4650/2006 og 4729/2006). Í álitinu komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að samkvæmt þágildandi lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, væri ríkinu óheimilt að láta framhaldsskólanema bera kostnað af tónlistarnámi sem væri hluti af skipulögðu námi á listnámsbraut framhaldsskóla heldur skyldi ríkið bera ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar. Um fjárhagslega ábyrgð vegna þessara nemenda er fjallað í 3. mgr. 43. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í ákvæðinu kemur fram sú meginregla að einingabært nám, sem nemandi stundar utan framhaldsskóla, er á kostnað nemanda nema það sé metið sem hluti af skipulagðri námsbraut sem mennta- og menningarmálaráðherra hafi viðurkennt.

3.4. Mat og eftirlit – aukin gæði skólastarfs.

Um eftirlitsskyldu mennta- og menningarmálaráðuneytisins gagnvart tónlistarskólum og tónmenntakennslu í grunnskólum er fjallað í 12. gr. gildandi laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Ráðuneytið fer jafnframt með lögbundið eftirlit varðandi gæði tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarkennslu sem fram fer á tónlistarkjörsviði listnámsbrauta í framhaldsskólum eða er metin til eininga á lokaprófi í framhaldsskóla. Í aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, er lýst æskilegu matskerfi til sjálfsmats sem unnið er af starfsmönnum viðkomandi tónlistarskóla. Eftirlit ráðuneytisins fer m.a. fram með þeim hætti að ráðuneytið bregst við ábendingum og erindum er málaflökkinn varða, jafnframt því sem það veitir leiðsögn um gildandi reglur um tónlistarfræðslu. Gæðaeftirlit með tónlistarkennslu fer jafnframt fram á vegum áður nefndrar prófanefndar tónlistarskóla sem annast samræmt og hlutlaust mat á áfangaprófum í tónlistarskólum í samræmi við kröfur samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Varðandi eftirlit með tónmenntakennslu í grunnskólum hefur ráðuneytið, skv. 4. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem þau bera samkvæmt lögnum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Í aðalnámskrá grunnskóla hefur verið gert ráð fyrir því að kennslustundir í tónmennt séu að jafnaði tvær á viku í 1.-8. bekk grunnskóla. Skv. 4. gr. laga um grunnskóla annast ráðuneytið söfnun og miðlun upplýsinga um skólalæsi og skólastarf á grunnskólastigi, þ.m.t. um tónmenntakennslu í grunnskólum. Mennta- og menningarmálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í grunnskólum á þriggja ára fresti, sbr. 4. gr. laganna.

IV. Meginefni frumvarpsins.

Markmið frumvarps þessa er að sett verði ný heildarlög um starfsemi tónlistarskóla sem starfa samkvæmt frumvarpinu og um samskipti ríkis og sveitarfélaga í þeim efnum. Frumvarpið skiptist í fjóra kafla og verður hér gerð grein fyrir helstu efnisatriðum og nýmælum sem frumvarpið felur í sér verði það að lögum.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Í samræmi við þá stefnubreytingu sem felst í frumvarpinu frá gildandi lögum er lagt til að sett verði heildstæð löggjöf um starfsemi tónlistarskóla.
2. Tekið verði upp sérstakt markmiðsákvæði sem hefur að geyma almenna yfirlýsingu um tilgang og markmið með starfsemi tónlistarskóla sem starfar samkvæmt frumvarpinu.
3. Lögð er áhersla á að skerpa þau atriði sem eru að finna í almennum hluta aðalnámskrár með það að markmiði að tryggja sem vandaðasta starfshætti tónlistarskóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
4. Fjallað verði um skipan tónlistarnáms og nánar um hlutverk ráðuneytisins og sveitarfélaga ásamt skilgreiningu á ábyrgð og skyldum gagnvart einstökum þáttum á sviði tónlistarfræðslu með skýrari hætti en gert er í gildandi lögum.

5. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög móti almenna stefnu um tónlistarfræðslu til að stuðla betur að markmiðum frumvarpsins.
6. Gert er ráð fyrir auknu eftirliti með gæðum skólastarfs og mælt fyrir um skyldur sveitarfélaga til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar um skólahald í tónlistarskólum.
7. Í frumvarpinu er lagt til að öllum sem uppfylla skilyrði laganna verði heimilt að stofna tónlistarskóla. Tónlistarskólar eigi þó ekki sjálfkrafa kröfu á framlögum úr hendi sveitarfélaga eða styrkjum af almannafé.
8. Fjallað er um samvinnu fleiri sveitarfélaga um rekstur tónlistarskóla, m.a. með þeim hætti að tónlistarskólum verði heimilt að veita þjónustu í fleiri en einu sveitarfélagi án þess þó að um eignaraðild allra sveitarfélaga verði að ræða.
9. Lagt er til að fjallað verði um starfsgengisskilyrði skólastjóra og kennara. Jafnframt að óheimilt verði að ráða einstakling til starfa við tónlistarskóla sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.
10. Kveðið er á um að málefni tónlistarskóla skuli heyra undir fræðslunefnd sveitarfélags eða vera skipað með öðrum hætti samkvæmt ákvörðun sveitarfélags.
11. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að stofna skólaráð við hvern tónlistarskóla sem verði samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið.
12. Kveðið er á um aðalnámskrá tónlistarskóla sem fjallar um hlutverk og meginmarkmið tónlistarnáms. Jafnframt að kveðið á um útgáfu skólanámskrár, þar sem nánar er tilgreind sérstaða og aðstæður hlutaðeigandi tónlistarskóla.
13. Kveðið er á um skyldu allra aðila skólasamfélagsins til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og skólabrag.
14. Lagðar eru til breytingar á fjárstuðningi og kostnaðarþátttöku hins opinbera frá gildandi lögum, um að ríkissjóður veiti árlega á fjárlögum framlag til sveitarfélaga sem renni til kennslukostnaðar sveitarfélaga vegna mið- og framhaldsnáms í söng og framhaldsnáms í hljóðfæraleik sem fram fer samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.
15. Mælt er fyrir um fjárstuðning nemenda til tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfélags síns. Slíkur réttur nemenda til tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfélags skal háður samningi þess við hlutaðeigandi tónlistarskóla eða reglum.
16. Mælt er fyrir um að nánar verði kveðið á um skyldur einstakra tónlistarskóla um innritun nemenda og þær reglur sem skóli hyggst leggja til grundvallar innritun nemenda í þjónustusamningi.
17. Gert er ráð fyrir að tónlistarskólar eigi rétt á framlögum úr sameiginlegum sprotasjóði skóla, sem hefur fram til þessa verið starfræktur í þágu leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins hefur m.a. verið að stuðla að gerð námsefnis og styðja við þróunarstarf og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og er lagt til að sjóðurinn styðji einnig við skólastarf í tónlistarskólum.

V. Samræmi við stjórnarskrár og alþjóðlegar skuldbindingar.

Rekstur tónlistarskóla og þátttaka í kennslukostnaði hjá sjálfstætt reknum tónlistarskólum hefur fram til þessa verið valkvætt verkefni sveitarfélaga og felur frumvarpið ekki í sér breytingu á því fyrirkomulagi. Af því og sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga skv. 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, leiðir að almennur réttur manna til tónlistarnáms á kostnað sveitarfélaga verður ekki lögfestur nema í sérstöku samráði við sveitarfélög.

VI. Samráð.

Við undirbúning frumvarpsins var haft víðtækt samráð við ýmsa hagsmunaaðila á sviði tónlistarfræðslu. Líkt og áður hefur komið fram hefur vinna frumvarpsins átt sér nokkurn aðdraganda og má rekja hana allt frá árinu 2003 þegar þáverandi menntamálaráðherra skipaði viðræðunefnd milli menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu og fyrirkomulag tónlistarkennslu á framhaldsskólastigi. Í störfum nefndarinnar var rætt um nauðsyn á endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í framhaldinu skipaði ráðherra í mars 2004 nefnd til að semja frumvarp til laga um tónlistarskóla sem skyldi leysi af hólmi gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Nefndin var skipuð fulltrúum ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka tónlistarskólustjóra og Félags tónlistarskólakennara. Ágreiningur í endurskoðunarnefndinni um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu tónlistarnáms nemenda á framhaldsskólaaldri varð þess valdandi að nefndinni auðnaðist ekki að skila af sér sameiginlegu frumvarpi til ráðherra. Þann 28. janúar 2010 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp og var honum falið að taka upp viðræður á ný við Samband íslenskra sveitarfélaga um endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í viðræðum ríkis og sveitarfélaga var m. a. leitast við að greiða fyrir framgangi frumvarps til laga um tónlistarfræðslu. Ráðuneytið hefur enn fremur kynnt Sambandi íslenskra sveitarfélaga frumvarpsdrögin á ýmsum stigum og fékk sambandið færi á að koma með ábendingar og gera endurbætur á frumvarpsdrögum. Við undirbúning frumvarpsins hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem komið hafa fram á formlegum fundum ráðuneytisins með hagsmunaaðilum auk óformlegra funda um afmörkuð málefni á sviði tónlistarfræðslu sem endurskoðunarnefnd laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla tókst á við.

Frumvarpið var haft til almennrar kynningar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 25. janúar til 6. febrúar 2013 þar sem öllum almenningi var gefinn kostur á að senda inn athugasemdir eða ábendingar um efni þess. Ábendingar bárust frá Félagi tónlistarskólakennara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum tónlistarskólustjóra, skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, Tónskóla Hörpunnar. Athugasemdir vörðuðu einkum þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að ábyrgð sveitarfélaga á rekstri tónlistarskóla og ákvörðun framlags úr ríkissjóði til stuðnings tónlistarkennslu. Við undirbúning þessa frumvarps hefur verið leitast við að taka tillit til allra gagnlegra ábendinga sem fram komu. Á hinn bóginn liggur fyrir að ekki er til þess vilji af hálfu ríkisins að skuldbinda ríkissjóð um ókomin ár til tryggja fullt kennsluframlag með öllum nemendum í mið- og framhaldsnámi í söng og framhaldsnámi í hljóðfæraleik. Í því ljósi skiptir miklu að sveitarfélög hagi inntöku nemenda á þessum námsstigum í samræmi við þá fjámuni sem veitt verður til tónlistarfræðslu í fjárlögum hverju sinni.

VII. Mat á áhrifum.

Með frumvarpi þessu er lögð áhersla á að það sé hlutverk hins opinbera að skapa tækifæri til tónlistarnáms með stuðningi við tónlistarfræðslu. Með umfjöllun um tónlistarnám í frumvarpi þessu er ekki eingöngu vísað til náms í klassískri tónlist. Leggja ber áherslu á að tónlistarnám er jafnframt nauðsynleg undirstaða fyrir þróun nýrra strauma og stefna í tónlist.

Þá er tónlistarnám einnig undirstaða fyrir svonefnda menningarframleiðslu, þar sem tónlist gegnir mikilvægu hlutverki, ýmist ein sér eða með öðrum listgreinum eins og kvikmyndalist. Sá hluti tónlistariðkunar hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum og sem dæmi má nefna að í Bretlandi er velta tónlistarframleiðslu orðin meiri en bílaiðnaðar. Um efnahagslegt mikilvægi tónlistar og tónlistarnáms hefur verið fjallað í bókinni „Hagræn áhrif tónlistar“ eftir Ágúst Einarsson prófessor (útg. viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, 2004). Þar kemur fram að framlag menningar til landsframleiðslu sé 4%, sem sé meira en öll veitustarfsemi og nær þrefalt meira en landbúnaður annars vegar og ál- og kísilframleiðsla hins vegar. Jafnframt kemur þar fram að 5.000 manns starfi við menningu hérlendis, sem sé álíka fjöldi og starfi í útgerð annars vegar og hótél- og veitingarekstri hins

vegar. Í skýrslu dr. Margrétar Sigrúnar Sigurðardóttur og Tómasar Young, „Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina“, sem gefin var út í samstarfi fimm ráðuneyta, Íslandsstofu og samráðsvettvangs skapandi greina í maí 2011, kom fram að svonefndar skapandi greinar hér á landi hafi velt 189 milljörðum kr. árið 2009.

Með hliðsjón af hinu efnahagslega mikilvægi er því talið brýnt að beisla þá sköpunarkrafta tónlistar í þágu menningarlífsins en þar eru tónlistarskólar mikilvægur vettvangur fyrir færni ungs fólks. Þörf er talin á því að hlúa að þeim menningararfi sem býr í tónlistinni með skírskotun til menningarlegrar fjölbreytni nútímans. Þær andstæður og þau ólíku viðhorf kynslóða sem felast í forbundinni tónlist annars vegar og tónlist jaðarhópa hins vegar geta orðið að hreyfiafli sem má nýta í þágu sköpunar og til þróunar í menningu og listum. Tónlist er einstakt form samskipta sem á sér langa sögu og ríka hefð. Tónlistin endurspeglar, tjáir og veltir upp spurningum um mannlega tilvist og veruleika. Sem fagurfræðilegur grunnur tjáir hún, dýpkar skilning og stuðlar að samkennd. Tónlistin hefur gildi í sjálfri sér sem einstakt og óstaðbundið form fagurfræðilegrar tjáningar sem nær að byggja brýr milli einstaklinga og menningarheima. Mikilvægt er að listafólki sé búið frjótt og gott starfsumhverfi til að vinna að eigin verkum. Hlutverk hins opinbera er m.a. að skapa tækifæri til tónlistarnáms og hlúa að aðstæðum tónlistarnema.

Rekstur tónlistarskóla hefur fram til þessa verið valkvætt verkefni sveitarfélaga og felur frumvarpið ekki í sér breytingu á því fyrirkomulagi. Markmið með starfrækslu tónlistarskóla í eigu sveitarfélaganna sjálfra er að þeir gegni fjölbættu hlutverki í þágu tónlistarkennslu og menningar í sveitarfélaginu. Ásamt því að vera veigamikil undirstaða gróskumikils tónlistarlífs getur það starf sem fer fram innan veggja tónlistarskólanna verið miðstöð menningar í héraði. Tónlistarskólar eru þannig í aðstöðu til að miðla af þekkingu og getu kennara og nemenda til annarra mennta- og menningarstofnana og menningarlífsins í heild. Jafnframt má telja að frumvarpið hafi jákvæð áhrif á rekstrargrundvöll sjálfstætt starfandi tónlistarskóla. En í frumvarpinu er kveðið á um starfsemi slíkra tónlistarskóla með mun skýrari hætti en í gildandi lögum. Þá er sérstaklega mælt fyrir um að sjálfstætt starfandi tónlistarskólar eigi rétt á viðurkenningu ráðuneytis og gert ráð fyrir tilteknum lágmarkskröfum um efni þjónustusamnings milli slíkra skóla og sveitarfélaganna.

Frumvarpið mun án efa hafa fjárhagslegar afleiðingar fyrir ríkissjóð. Í frumvarpinu er lagt til að ríkissjóður veiti árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem skal renna í kennslukostnað að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað vegna mið- og framhaldsnáms í söng og framhaldsnáms í hljóðfærleik.

Ekki er ætlunin að kostnaður þeirra sveitarfélaga sem þegar bjóða upp á tónlistarfræðslu fyrir íbúa sína aukist samkvæmt frumvarpinu, enda mun stuðningur sveitarfélaga við tónlistarskóla ávallt ráðast af þeim fjárveitingum sem varið er til málaflokksins samkvæmt fjárhagsáætlun viðkomandi sveitarfélags. Á hinn bóginn má telja að frumvarpið muni hafa jákvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaganna þar sem kveðið er á um framangreindan fjárstuðning ríkissjóðs til eflingar tónlistarnáms í landinu og gera tónlistarnemendum kleift að stunda nám sitt óháð búsetu.

Með vísan til framangreinds má gera ráð fyrir því að ávinningur af samþykkt frumvarpsins sé umtalsverður umfram það að láta núgildandi lög standa óbreytt.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla – Gildissvið og markmið frumvarpsins.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er að því stefnt að sett verði heildstæð löggjöf um starfsemi tónlistarskóla. Í 1. gr. frumvarpsins að finna nýja skilgreiningu á tónlistarskóla sem starfar samkvæmt frumvarpinu. Enn fremur er lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði þar sem fram komi lýsing á markmiðum frumvarpsins. Ákvæði þetta er nýmæli og er ekki að finna í gildandi lögum. Óumdeilt er að

tónlistarnám eigi að grundvallast á uppeldislegum, samfélagslegum og faglegum markmiðum sem séu nánar útfærð í aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla. Slík markmið eru m.a. að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að greina, flytja, skapa, hlusta á og njóta tónlistar. Með náminu ætti að veita eita þeim sem þess æskja færi á að kynnast tónlistarnámi af eigin raun, að búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur. Í tónlistarnámi ætti að veita nemendum undirstöðuþekkingu og efla sjálfstæð vinnubrögð þeirra, búa þá undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi með því að veita þeim góða tæknilega tilsögn í hljóðfæraleik og söng og markvissa þjálfun í tónfræðagreinum. Þá ætti að stuðla að auknu tónlistarlífi með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi með samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir og samstarfi við listamenn. Tónlistarskólar og tónlistarfræðsla, ásamt öðrum listgreinum, gegna þannig veigamiklu hlutverki í skólakerfinu og nánasta samfélagi. Tækifæri ungs fólks til tónlistarnáms er tækifæri til þroska og uppbyggingar og því mikilvægt að skapa tónlistarnámi vægi á við aðrar greinar í menntakerfinu. Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla og kennsluskipan eru skilgreind í aðalnámskrá tónlistarskóla. Þegar horft er til framtíðar felast möguleikar og hlutverk tónlistarskóla í því að stuðla að sterkri sjálfsmynd einstaklingsins og sameiginlegu gildismati þjóðarinnar. Hlutverk tónlistarskóla er jafnframt að, varðveita menningararfinn í lifandi samspili við samtímamann og vera þekkingarauðlind á sviði tónlistar og menningar fyrir sitt nánasta umhverfi. Þá eru tónlistarskólar er vettvangur fyrir samspil allra þessara þátta.

Um 1. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við þá stefnubreytingu sem felst í frumvarpinu, þ.e. að sett verði heildstæð löggjöf um starfsemi tónlistarskóla. Gildandi lög á sviði tónlistarfræðslu fjalla einungis um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og að litlu leyti um starfrækslu þeirra. Undir gildissvið 1. gr. frumvarpsins falla þeir tónlistarskólar sem reknir eru sveitarfélögum og sjálfstætt starfandi tónlistarskólar, sem hlotið hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þannig eru fallin brott fyrri skilyrði um að tónlistarskólar hafi a.m.k. einn fastráðinn kennara, áskilnaður um lágmarksfjölda nemenda, að tónlistarskóli starfi sjö mánuði á ári og skólaári ljúki skólaári með prófum og opinberum nemendatónleikum. Ástæða þessara breytinga er einkum sú að í aðalnámskrá tónlistarskóla er fjallað um framangreinda þætti og þykir því ekki ástæða til að tíunda áður nefnd skilyrði í lögum.

Um skilyrði fyrir viðurkenningu tónlistarskóla er fjallað í 7. gr. frumvarpsins. Líkt og kemur fram í 6. gr. frumvarpsins eiga tónlistarskólar ekki sjálfkrafa rétt á því að gera þjónustusamning við sveitarfélag eða hljóta styrk af almannafé þótt öllum sé frjálst að stofna tónlistarskóla.

Um 2. gr.

Í greininni, sem er nýmæli, er lögð áhersla á að skerpa þau atriði sem er að finna í almennum hluta aðalnámskrár með það að markmiði að tryggja sem vandaðasta starfshætti tónlistarskóla með hagsmunum nemenda að leiðarljósi. Í greininni er lýst uppeldislegum, samfélagslegum og faglegum markmiðum tónlistarnáms og hlutverki tónlistarskóla er varðar tónlistarfræðslu, menningu og þjóðlíf. Almenn er viðurkennt að ástundun tónlistarnáms sé þroskandi og uppbyggjandi fyrir ungt fólk. Meginmarkmið tónlistarnáms er samkvæmt greininni að efla hæfni, þekkingu og leikni nemenda. Auk þess skulu tónlistarskólar stuðla að menntun og þroska nemenda til þess að skapa tónlist, miðla henni og njóta. Reynsla og upplifun af listum og menningu er talin geta haft afgerandi þýðingu fyrir þroska hvers og eins. Markmið með starfsemi tónlistarskóla felst jafnframt í því að búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi og stuðla að auknu tónlistarlífi með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi með samvinnu við aðrar og mennta- og menningarstofnanir og í samvinnu við listamenn. Enn fremur segir í greininni að í skólastarfi skuli

leitast við að tryggja sem jafnastan rétt að tónlistarnámi og taka tillit til áhugasviða nemenda og þroska. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir upptalningu 2. gr. frumvarpsins geta fleiri sjónarmið haft þýðingu í tónlistarskólastarfi og eru markmið frumvarpsins nánar útfærð og skilgreind í aðalnámskrá tónlistarskóla.

Um II. kafla – *Skipan tónlistarnáms.*

Í kaflanum er fjallað um skipan tónlistarnáms og er hér um að ræða skýrari framsetningu en kveðið er á um í núgildandi lögum. Í kaflanum er einnig fjallað nánar um hlutverk ríkis og sveitarfélaga ásamt skilgreiningu á ábyrgð og skyldum gagnvart einstökum þáttum á sviði tónlistarfræðslu. Yfirstjórn þeirra málefna sem frumvarpið tekur til hefur verið á hendi mennta- og menningarmálaráðuneytis og er lagt til að það verði óbreytt, sbr. II. kafla frumvarpsins. Ráðuneytið skal m.a. sinna almennri stefnumótun í málefnum tónlistarfræðslu í landinu og viðurkenna tónlistarskóla sem starfa á grundvelli frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk ráðuneytisins í málefnum á sviði tónlistarfræðslu með skýrari hætti en í gildandi lögum, en greinin á sér samsvörun í 12. gr. gildandi laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Yfirstjórn málefna tónlistarskóla er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðherra að því marki sem frumvarp þetta tekur til, sbr. V. kafla frumvarpsins. Ráðuneytið skal m.a. sinna almennri stefnumótun í málefnum tónlistarfræðslu í landinu og viðurkenna tónlistarskóla sem starfa á grundvelli frumvarpsins. Ráðherra skal jafnframt setja tónlistarskólum aðalnámskrá, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Hann skal einnig styðja við þróunarstarf í tónlistarskólum og stuðla að gerð námsefnis. Ráðuneytið skal hafa forgöngu um samræmingu náms, prófa og réttinda er þau veita og fylgjast með því að skólastarf sé í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla. Helsta breyting greinarinnar frá gildandi lögum er að hér er tilgreint er nýtt verkefni ríkisins, sem er fjárhagslegur stuðningur við tónlistarnám, sem nánar er kveðið á um í V. kafla frumvarpsins. Í 7. tölul. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir að sveitarfélög láti í té nauðsynlegar upplýsingar um skólahald í tónlistarskólum samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur. Þetta helst í hendur við að rekstur tónlistarskóla er á ábyrgð sveitarfélaganna. Ráðuneytinu er á hinn bóginn ætlað að hafa eftirlit með því að skólastarf sé í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla og mæla nánar fyrir um framkvæmd laganna í reglugerð sem sett skal í samráði við samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar skv. 22. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Greinin, sem er nýmæli, fjallar um ábyrgð sveitarfélaga á rekstri tónlistarskóla. Sú staðreynd að tónlistarskólar eru starfandi í nær öllum sveitarfélögum landsins sýnir hins vegar að sveitarstjórnir eru meðvitaðar um uppeldislegt, samfélagslegt og faglegt mikilvægi tónlistarfræðslu fyrir íbúa sveitarfélaga. Af þeim sökum þykir nú rétt að leggja til það nýmæli í 4. gr. frumvarpsins að sveitarfélögum beri að móta stefnu um tónlistarnám í umdæmi sínu og stuðla þannig að þeim markmiðum sem koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og þróun eigin tónlistarskóla. Nýmæli greinarinnar er að gert er ráð fyrir að sveitarfélög móti almenna stefnu um tónlistarfræðslu í samræmi við markmið frumvarpsins. Við slíka stefnumótun getur sveitarstjórn m.a. tekið afstöðu til þess hvort það vill stuðla að tónlistarfræðslu fyrir íbúa sveitarfélagsins og áherslur í því sambandi, hvort það setur á stofn eigin tónlistarskóla eða felur einkareknum tónlistarskólum að annast tónlistarfræðslu. Undanfarin ár hefur færst í vöxt að sveitarfélög móti sér stefnu í ákveðnum málum og marki leiðir að þeim markmiðum sem sett eru. Við slíka stefnumótun ber sveitarfélagi að

taka mið af löggjöf um tónlistarfræðslu. Sveitarfélög skulu greiða launakostnað kennara og skólastjóra eins og nánar er kveðið á um í V. kafla frumvarpsins. Skv. 3. mgr. ákvæðisins láta sveitarfélög ráðuneytinu í té nauðsynlegar upplýsingar um skólahlald í tónlistarskólum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra gefur út, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um III. kafla – *Stofnun og rekstur tónlistarskóla.*

Í þriðja kafla frumvarpsins er kveðið á um stofnun og rekstur tónlistarskóla, hver séu skilyrði stofnunar, hverjir eru stofnaðilar og hvernig skuli fara með stofnkostnað. Frumkvæði að stofnun tónlistarskóla hefur ýmist verið í höndum sveitarfélaga eða einstaklinga, svo sem áhugamannahópa tónlistarfélaga. Nokkur eðlismunur er á því hvort sveitarfélag eða aðrir aðilar setja á stofn tónlistarskóla.

Í þessum kafla frumvarpsins er lagt til að gerð verði breyting á núverandi fyrirkomulagi um stofnun sjálfstætt starfandi tónlistarskóla. Til að ýta undir jákvæða þróun í málefnum tónlistarskólanna og aukið valfrelsi íbúa er í frumvarpi þessu kveðið á um gerð þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi tónlistarskóla auk þess sem gert er ráð fyrir því að sveitarfélög geti sett almennar reglur um stuðning við nemendur í tónlistarnámi. Verður öllum frjálst að stofna tónlistarskóla þegar uppfyllt eru skilyrði laganna fyrir viðurkenningu. Nýir tónlistarskólar njóti þó ekki sjálfkrafa opinbers stuðnings heldur verði þeir að óska eftir því við sveitarstjórn að gerður verði þjónustusamningur eða veittur styrkur til skólans.

Samkvæmt gildandi reglum geta aðrir en sveitarfélög sett á fót tónlistarskóla sem eiga rétt á styrk úr sveitarsjóði, að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum laganna. Þetta fyrirkomulag hefur sætt gagnrýni af hálfu sveitarfélaga sem telja að matið á því hvort þörf sé á nýjum tónlistarskólum sem fær framlög úr sveitarsjóði eigi að vera í höndum viðkomandi sveitarstjórnar en ekki stofnenda nýs tónlistarskóla. Þar sem sveitarstjórn ákveður að reka ekki eigin tónlistarskóla á hún þannig val um hvort hún semur við tiltekinn tónlistarskóla til að tryggja fullnægjandi námsframboð eða samþykkir almennar reglur um stuðning við nemendur í tónlistarnámi. Slíkar reglur eru raunar þegar í gildi í allmörgum sveitarfélögum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, þar sem margir tónlistarskólar eru starfandi. Ef sveitarstjórn ákveður að gera þjónustusamning við einn eða fleiri tónlistarskóla er að sjálfsögðu mikilvægt að jafnræðis sé gætt við val á viðsemjendum og farið verði að ákvæðum stjórnsýslulaga. Verður meginreglan væntanlega sú að sveitarstjórn auglýsi eftir viðsemjendum eða viðhafi opinbert útboð á þeirri þjónustu sem um ræðir. Gert er ráð fyrir því að starfsmenn sjálfstætt rekinna tónlistarskóla, sem starfa eftir þjónustusamningi við sveitarfélag samkvæmt frumvarpinu skuli að lágmarki njóta launa í samræmi við kjarasamninga sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélag þeirra á hverjum tíma, líkt og verið hefur. Í þessu felst að aðskilið er á milli viðurkenningar sjálfstætt rekinna tónlistarskóla samkvæmt frumvarpinu og réttar til framlaga úr sveitarsjóði eða ríkissjóði. Breyting þessi felur í raun í sér staðfestingu á núverandi framkvæmd þar sem sjálfstætt reknir tónlistarskólar starfa að jafnaði á grundvelli þjónustusamninga við sveitarfélög.

Í kaflanum er einnig mælt fyrir um samvinnu fleiri sveitarfélaga um rekstur tónlistarskóla og m.a. að tónlistarskólum verði heimilt að veita þjónustu í fleiri en einu sveitarfélagi án þess að um eignaraðild allra sveitarfélaga verði að ræða. Þá er einnig vísað til fyrirkomulags sem hefur verið lögfest í lögum um leikskóla og grunnskóla, um að reka í einni stofnun leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra.

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um stofnun tónlistarskóla í eigu sveitarfélaga. Ef sveitarstjórn ákveður að koma á fót tónlistarskóla skal hún setja samþykkt fyrir skólann. Skal þar m.a. kveðið á um yfirstjórn skólans og ráðningu starfsmanna sem teljast skulu starfsmenn sveitarfélagsins. Markmið með starfrækslu tónlistarskóla í eigu sveitarfélaganna sjálfra er að þeir gegni fjölpættu hlutverki í þágu tónlistarkennslu og menningar í sveitarfélaginu. Ásamt því að vera veigamikil undirstaða þess gróskumikla tónlistarlífs sem fram fer innan tónlistarskóla, getur það starf sem fer fram innan veggja þeirra verið grundvöllur, aflvaki og miðstöð menningar í héraði. Tónlistarskólar eru þannig í aðstöðu til að miðla af þekkingu og getu kennara og nemenda til annarra mennta- og menningarstofnana og menningarlífsins í heild. Í 3. másl. 1. mgr. er kveðið á um að rekstur tónlistarskóla skuli ekki fara fram í hagnaðarskyni. Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að tónlistarskólar í eigu sveitarfélaganna láti rekstrarafgang af starfseminni renna til uppbyggingar skólastarfsins.

Í 2. mgr. er fjallað um samvinnu fleiri sveitarfélaga um rekstur tónlistarskóla. Ef tvö eða fleiri sveitarfélög ákveða að koma sameiginlega á fót tónlistarskóla skal samþykktin staðfest af viðkomandi sveitarstjórnnum og þar m.a. kveðið á um skiptingu kostnaðar og ábyrgðar af skólahaldinu. Líkt og gildir um samstarf sveitarfélaga almennt geta sveitarfélögin valið það félagsform utan um reksturinn sem best þykir henta, svo sem byggðasamlag, sjálfseignarstofnun eða einkahlutafélag. Einnig er talið rétt að kveða á um að sveitarfélög geti gert samkomulag sín á milli um að tónlistarskóli sem starfar samkvæmt þessari grein veiti þjónustu í fleiri en einu sveitarfélagi án þess að um eignaraðild allra sveitarfélaga verði að ræða.

Þá er í 3. mgr. vísað til fyrirkomulags sem hefur verið lögfest í lögum um leikskóla og grunnskóla, um að reka í einni stofnun leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Í slíkri stofnun skal stjórnandinn hafa kennsluréttindi í leik- eða grunnskóla. Í niðurlagi málsgreinarinnar er gert ráð fyrir að í samreknnum skóla skuli vera millistjórnandi yfir tónlistardeild sem lokið hefur bakkalárgráðu í tónlist.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um að aðrir en sveitarfélög geta sett á fót tónlistarskóla. Slíkir skólar geta starfað sem sjálfseignarstofnanir, hlutafélög eða samkvæmt öðru viðurkenndu félagaformi. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um stofnkostnað tónlistarskóla og þar segir að hann greiðist af stofnendum tónlistarskóla. Ákvæðið er samhljóða 4. gr. gildandi laga.

Skv. 2. mgr. greinarinnar skal tónlistarskóli, áður en hann hefur starfsemi, upplýsa sveitarstjórn um fyrirhugaða stofnun hans. Tilkynningu skal fylgja skólanámskrá og upplýsingar um hverjir séu stofn- og ábyrgðaraðilar skólans, hvaða húsnæði hann hafi til afnota og hvaða greinar tónlistar ætlunin sé að leggja áherslu á.

Í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um að ef stofnendur tónlistarskóla óska eftir því að gerður verði þjónustusamningur við sveitarfélagið, sbr. 8. gr. skuli sveitarstjórn taka afstöðu til þess innan hæfilegs tíma hvort hún fallist á greiðslur til skólans úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn verður jafnframt að taka afstöðu til þess hvort fjárheimildir séu til staðar en eins og áður segir njóta nýir tónlistarskólar ekki sjálfkrafa opinbers stuðnings samkvæmt frumvarpi þessu. Í þessu sambandi skal einnig minnt á að starfandi skólar njóta heldur ekki stuðnings nema á grundvelli reglna sveitarfélags og samnings. Ýmsar málefnalegar ástæður geta leitt til þeirrar niðurstöðu að sveitarstjórn ákveði að synja tónlistarskóla um stuðning. Má þar nefna sem dæmi að sveitarfélagið reki sjálft tónlistarskóla eða kennsluþörf sé fullnægt af þeim tónlistarskólum sem þegar eru starfandi í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að hafa hliðsjón af ákvæðum stjórnarsýslulaga við afgreiðslu erinda sem berast sveitarstjórnnum samkvæmt þessari grein, einkum jafnræðisreglu 11. gr. laganna.

Um 7. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að þeir sjálfstætt starfandi tónlistarskólar sem fullnægja þeim lágmarkskröfum sem taldar eru upp í greininni eiga rétt á viðurkenningu ráðuneytisins sem fullnægja þeim lágmarkskröfum sem taldar eru upp í greininni. Þar er m.a. mælt fyrir um að hverjum nemanda skuli tryggður tiltekinn tímafjöldi á viku. Að lágmarki skal tónlistarskóli veita hverjum nemanda kennslu í aðalnámsgrein eina stund (60 mín) á viku auk þeirra aukanámsgreina sem kenndar eru í hóptímum og aðalnámsskrá tónlistarskóla gerir kröfur um. Skólustjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð og skal jafnframt gerð grein fyrir heildarkennslumagni í þjónustusamningi á milli tónlistarskóla og viðkomandi sveitarfélags. Telja verður að eitt af grundvallaratriðum í starfi tónlistarskóla að stefnt sé að markvissu tónlistarnámi og reyndar er það nauðsynleg forsenda samræmds náms í tónlistarskólum alls staðar á landinu.

Um 8. gr.

Í greininni er almennt ákvæði um efni þjónustusamnings við sjálfstætt starfandi tónlistarskóla. Ekki er í greininni tekin afstaða til þess hver skuli vera gildistími slíkra þjónustusamninga en ætla verður að miða verði við að þeir geti verið til allt að sex ára í senn skv. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 138/2011 eða til lengri tíma ef skóli byggir upp kostnaðarsama aðstöðu til tónlistarkennslu. Í 2. mgr. er að finna upptalningu á þeim atriðum sem skulu koma fram í slíkum samningum. Upptalningin í ákvæðinu er hugsuð sem lágmarksákvæði. Líkt og almennt gildir um þjónustusamninga sveitarfélaga hafa aðilar fullt frelsi til að haga samningsákvæðum með þeim hætti sem þeir telja best henta í sínum viðskiptum. Sveitarstjórn gæti t.d. séð ástæðu til að setja faglegar kröfur í slíkan samning, svo sem t.d. um tónleikahald o.fl. Mikilvægt er þó að sveitarfélög fái nauðsynlegar upplýsingar um skólustarf og þau geti kallað eftir gögnum, t.d. um meðferð fjármuna þeirra tónlistarskóla sem þau styðja. Í 7. tölul. 2. mgr. er tilgreint að kveða megi á um ráðstöfun eigna tónlistarskóla ef hann hættir störfum en sá töluliður samsvarar 6. gr. gildandi laga nr. 75/1985. Skv. 3. mgr. ákvæðisins skulu aðilar þjónustusamnings fara reglulega yfir framkvæmd hans og endurskoða ef þurfa þykir. Í 4. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að undirbúning ákvarðana sveitarstjórnar um uppsögn eða riftun þjónustusamnings gildi ákvæði stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 9. gr.

Greinin kveður á um ráðningu og starfsgengisskilyrði skólustjóra og annarra stjórnenda tónlistarskóla. Til þess að tónlistarskólarnir geti gegnt hlutverki sínu og haldið áfram að þróast þurfa þeir að hafa aðgang að hæfu starfsfólki. Til langs tíma hefur starfsemi tónlistarskóla að stórum hluta byggst upp af kennurum og tónlistarmönnum í samfélaginu sem ekki hafa notið tónlistarkennaramenntunar. Ríflega 50% tónlistarkennara er nú með kennaramenntun eða uppeldis- og kennslufræði. Gera má ráð fyrir því að formleg menntun á sviði tónlistarkennslu verði lögð til grundvallar þar sem við á og aðstæður leyfa í samræmi við þarfir tónlistarskóla á hverjum stað. Starfsemi tónlistarskóla er fjölbreytt og þarfir hvers skóla fara eftir aðstæðum á hverjum stað og eðli skólustarfs. Í fámennum skólum á landsbyggðinni er algengt að kennarar þurfi að kenna mörg fög en sérhæfing tónlistarskólakennara er mun algengari í fjölmennari tónlistarskólum í þéttbýli. Í þekkingarsamfélagi nútímans eru gerðar aðrar og meiri kröfur til stjórnunar en áður. Hlutverk stjórnandans tekur m.a. til faglegrar getu til mótnar ferskrar og aðlaðandi framtíðarsýnar sem tekur mið af umhverfinu. Stjórnendur þurfa að vera færir um að örva og réttlæta þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru við að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að. Stjórnunar- og forustubátturinn hefur afgerandi þýðingu fyrir framtíðarmöguleika tónlistarskóla. Framangreindu ákvæði er ætlað að styðja við þetta hlutverk stjórnenda tónlistarskóla. Enn fremur er mælt fyrir um að óheimilt verði að ráða einstakling til starfa við tónlistarskóla sem hlotið hefur

refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga og tekur sú regla til allra starfsmanna tónlistarskóla.

Í greininni er kveðið á um að skólastjóri sé forstöðumaður tónlistarskóla, stjórn honum, veiti honum faglega forustu og beri ábyrgð á starfi skólans .

Í 2. mgr. er mælt fyrir um starfsgengisskilyrði skólastjóra og kennara. Þar segir að við ráðningu skólastjóra skuli velja til starfa einstakling sem hefur að lágmarki lokið bakkalárgráðu í tónlist og hefur reynslu af kennslu í tónlistarskóla eða viðbótarmenntun í stjórnun. Við ráðningu annarra stjórnenda og tónlistarskólakennara skal leitast við að velja til starfa einstaklinga sem lokið hafa háskólagráðu í tónlist á fyrsta þrepi.

3. mgr. kveður á um að óheimilt sé að ráða einstakling til starfa við tónlistarskóla sem hlotið hefur refsíðmál fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu einstaklings skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til handa skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hér er átt við fullt sakavottorð. Heimildin tekur til allra starfsmanna tónlistarskóla. Heimildin á sér fyrirmynd í æskulýðslögum, nr. 70/2007, þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að ráða til starfa hjá þeim er sinna börnum og ungmennum undir 18 ára í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsíðmál samkvæmt ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga eða samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni eins og þar greinir. Komi fram upplýsingar um refsiverða háttsemi einstaklings verður tónlistarskólastjóri að meta með málefnalegum hætti að hve miklu leyti þau brot sem um er að ræða séu líkleg til þess að valda því að umsækjandi telst ekki verðugur til þess að gegna starfinu. Við það mat verður að líta til þess hvenær brot var framið, eðlis þess og alvarleika.

Um 10. gr.

Greinin sem hér er lögð til kveður á um að málefni tónlistarskóla skuli heyra undir fræðslunefnd sveitarfélags eða verði skipað með öðrum hætti samkvæmt ákvörðun sveitarfélags. Þá er lagt til að stofnað verði skólaráð við hvern tónlistarskóla sem verði samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð hefur víðtækt hlutverk sem samráðsvettvangur um hvaðeina sem lýtur að skólahaldinu og breytingar á því

Gert er ráð fyrir því að tónlistarskólastjórar í hverju sveitarfélagi kjósi úr sínum hópi fulltrúa til setu í fræðslunefnd með málfrelsi og tillögurétt á fundum. Það er því alfarið í höndum skólastjóra í viðkomandi sveitarfélagi að velja fulltrúa sinn til setu í fræðslunefndum. Boða skal fulltrúa tónlistarskóla á fundi þegar málefni tónlistarfræðslu eru til umfjöllunar í fræðslunefnd sveitarfélags. Auk þess geta fræðslunefndir boðað skólastjóra einstakra tónlistarskóla á sinn fund eftir þörfum hverju sinni. Fræðslunefnd skal m.a. fylgjast með framkvæmd tónlistarnáms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár.

Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um að stofnað verði skólaráð við hvern tónlistarskóla sem verði samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið og skal tónlistarskólastjóri sitja í ráðinu og stýra því. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Í skipulagsskrá, samþykktum eða öðrum stofnskjöllum um tónlistarskóla skal gera ráð fyrir þátttöku fulltrúa starfsmanna, foreldra og nemenda á fundum yfirstjórnar tónlistarskóla þegar fjallað er um kennslu og skólastarf. Skólaráð hefur víðtækt hlutverk sem samráðsvettvangur um hvaðeina sem lýtur að skólahaldinu og breytingar á því og geta einstök sveitarfélög eða rekstraraðilar skóla einnig ákveðið að fela skólaráðinu einstakra tónlistarskóla ákveðin verkefni umfram það, t.d. ákvörðunarvald í einstökum málum og þátttöku í vali á nýjum skólastjóra.

Um IV. kafla – Skipulag tónlistarnáms.

Í IV. kafla frumvarpsins er kveðið á um skipulag tónlistarnáms. Nánar er kveðið á um aðalnámskrá tónlistarskóla sem fjallar um hlutverk og meginmarkmið tónlistarnáms. Jafnframt er kveðið á um skólanámskrá sem skal gefin út í hverjum tónlistarskóla, þar sem nánar er tilgreind sérstaða og aðstæður tónlistarskólans. Helsta nýmæli þessa kafla er að kveðið er á um skyldu allra aðila skólasamfélagsins að viðhalda góðum starfsanda og skólabrag.

Í kaflanum er nánar kveðið á um skipulag tónlistarnáms og að skýrar kveðið á um hlutverk og uppbyggingu aðalnámskrár. Lögð er áhersla á að skerpa þau atriði sem eiga að vera í almennum hluta aðalnámskrár með það að markmiði að tryggja sem vandaðasta starfshætti skóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Jafnframt er kveðið á um að í hverjum tónlistarskóla skuli gefa út skólanámskrá þar sem nánar er tilgreind sérstaða og aðstæður tónlistarskólans.

Helsta nýmæli þessa kafla eru ákvæði sem skuli stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og skólabrag innan tónlistarskólanna. Skv. 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skólarnir móti sér áætlun um samskipti starfsmanna skólans við nemendur. Ákvæðið er nýmæli og á sér samsvörun í 30. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Enn fremur er lagt til að allir tónlistarskólar skuli fylgja heildstæðri stefnu til að fyrirbyggja ofbeldi af öllu tagi, hvort sem um er að ræða líkamlegt, andlegt, eða félagslegt ofbeldi. Mælt er fyrir um að tónlistarskólar skuli sammælast um skýrar reglur um ósættanlega hegðun og þrói samstilltar leiðir til að fylgja þeim eftir.

Um 12. gr.

Í greininni, sem fjallar um aðalnámskrá tónlistarskóla, er að finna ítarlegri fyrirmæli um hlutverk og viðfangsefni námskrárinnar en koma fram í 1. og 12. gr. gildandi laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Allir viðurkenndir tónlistarskólar kenna eftir aðalnámskrá tónlistarskóla sem mennta- og menningarmálaráðuneyti gefur út en í henni er lýsing á tónlistarnámi upp að háskólastigi. Aðalnámskrá skiptist annars vegar í almennan hluta og hins vegar í greinanámskrá fyrir einstök hljóðfæri og námsgreinar í tónlistarskólum. Hér er lögð áhersla á að skerpa þau atriði sem eiga að vera í almennum hluta aðalnámskrár með það að markmiði að tryggja sem vandaðasta starfshætti tónlistarskóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Hlutverk aðalnámskrár er einkum að samræma helstu þætti tónlistarnáms, bæði milli skóla og innan einstakra skóla. Jafnframt er hún viðmið sem nota má við gæðamat á starfi tónlistarskóla.

Nám í tónlistarskólum skiptist í þrjá megináfanga: grunnám, miðnám og framhaldsnám. Nemendur hefja tónlistarnám á ýmsum aldri og námshraði þeirra er einnig misjafn. Áfangaskipting tónlistarnáms er óháð uppbyggingu í almenna skólakerfinu en með áfangaprófum eru tryggðar ákveðnar lágmarkskröfur í námi. Í aðalnámskrá tónlistarskóla segir að við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms skuli nemendur þreyta áfangapróf, annars vegar í söng eða hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Tilgangur áfangaprófa er fjölpættur. Prófunum er ætlað að skera úr um hvort og að hve miklu leyti nemendur uppfylla ákveðnar samræmdar kröfur um hæfni. Þeim er einnig ætlað að afla upplýsinga um nám og kennslu á vissum sviðum innan tónlistarskóla, meta frammistöðu nemenda í samræmi við markmið og kröfur aðalnámskrár og gera nemendum grein fyrir eigin frammistöðu í hverjum prófþætti. Enn fremur eru prófin lokapróf úr viðkomandi áfanga innan tónlistarskólans. Til að ljúka framhaldsprófi þarf nemandi að halda sjálfstæða tónleika innan eða utan skólans, auk þess að standast próf í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum. Framhaldspróf markar ákveðin skil í náminu og við tekur háskólanám í tónlist.

Prófanefnd tónlistarskóla var sett á fót að frumkvæði Samtaka tónlistarskólustjóra, Félags tónlistarskólakennara og Félags íslenskra hljómlistarmanna að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samkvæmt skipulagsskrá fyrir nefndina tilnefna Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök tónlistarskólustjóra hvor sinn fulltrúa í Prófanefndina. Þá tilnefna Félag tónlistarskólakennara og Félag íslenskra hljómlistarmanna sameiginlega einn nefndarmann. Loks kýs fulltrúaráð Prófanefndar tónlistarskóla tvo nefndarmenn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Prófanefnd velur formann og varaformann úr sínum hópi. Hlutverk nefndarinnar er að annast samræmt og hlutlaust mat á áfangaprófum í tónlistarskólum í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá. Með samræmdu prófakerfi er leitast við að tryggja sem kostur er að sambærileg þekking og færni búi að baki prófi, án tillits til þess hvaða skóla, kennara eða prófdómara um er að ræða. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur fylgst með starfsemi prófanefndar tónlistarskóla frá upphafi og veitt nefndinni fjárstuðning, bæði vegna prófdómaranámskeiðs og undirbúnings prófakerfisins enda gegnir nefndin mikilvægu hlutverki varðandi gæðaeftirlit með tónlistarskólum. Í aðalnámskrá er einnig fjallað um samstarf tónlistarskóla við framhaldsskóla. Í aðalnámskrá tónlistarskóla er lögð áhersla á að tónlistarskólar þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi og eru tónlistarskólar hvattir til þess að koma til móts við þarfir nemenda á framhaldsskólaaldri, sem annarra, með námsframboði við hæfi.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar, sem er nýmæli, er kveðið á um að sérhver tónlistarskóli skuli gefa út skólanámskrá og að tónlistarskólustjóri sé ábyrgur fyrir gerð hennar. Mikilvægt er þó að allt starfsfólk tónlistarskóla taki þátt í gerð skólanámskrár, m.a. á grundvelli starfsreynslu og faglegrar þekkingar. Skólanámskrá er í senn starfsáætlun viðkomandi skóla, upplýsingarit og lýsing á því sem gera á í skólanum. Í henni skal m.a. gerð grein fyrir starfsemi og stjórn skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati og námsframvindu, réttindum og skyldum nemenda, skólareglum, gæðamálum og öðru því sem skóli kýs að kveða á um í skólanámskrá. Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þess að hver tónlistarskóli móti sína eigin skólanámskrá því hún er leiðarvísir þar sem skilgreindar eru leiðir að markmiðum skólastarfs og hvernig hann hyggst ná þeim markmiðum o.s.frv. Skólanámskrá viðkomandi tónlistarskóla er byggð á grunni aðalnámskrár tónlistarskóla og á skólastefnu viðkomandi sveitarfélags með hliðsjón af ákvæðum frumvarpsins. Sambærileg ákvæði eru í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í 2. mgr. segir að þegar tónlistarskóli er í samstarfi við almenna skóla eða aðra tónlistarskóla skuli þess getið í skólanámskrá. Jafnframt er kveðið á um að við setningu námslýsinga í skólanámskrá skuli höfð hliðsjón af ákvæðum í aðalnámskrá framhaldsskóla þar sem það á við. Er hér m.a. átt við mat á námi í tónlistarskóla til eininga í framhaldsskóla (F-ein).

Í 3. mgr. segir að nánar skuli kveðið á um skólanámskrá í aðalnámskrá tónlistarskóla. Skólanámskrár tónlistarskóla sveitarfélaga og sjálfstætt starfandi tónlistarskóla eru nokkurs konar leiðarljós fyrir skólastarfið og skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Um 14. gr.

Greinin, sem er nýmæli, á sér samsvörun í 30. gr. grunnskólalaga og 33. gr. b í framhaldsskólalögum. Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu allra aðila skólasamfélagsins til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.

Í 2. mgr. er tekið sérstaklega fram að skólastjórum og kennurum beri að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra.

Þá er í 3. mgr. lagt til að allir tónlistarskólar skuli fylgja heildstæðri stefnu til að fyrirbyggja ofbeldi af öllu tagi, hvort sem um er að ræða líkamlegt, andlegt, kynferðislegt eða félagslegt ofbeldi. Jafnframt

eru tónlistarskólar skyldaðir til þess að gera áætlun um það hvernig rækt er tilkynningarskylda starfsfólks tónlistarskóla samkvæmt barnaverndarlögum og brugðist við ef upp koma tilvik um einelti, annað ofbeldi eða félagslega einangrun. Slíkri áætlun skal framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi og ástundun náms. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim. Rétt þykir að lögbinda þá skyldu að tónlistarskólar setji sér skólareglur, hvað eigi að vera í slíkum reglum, að skýr ákvæði séu um viðurlög við brotum á reglunum og með hvaða hætti reglurnar skuli unnar. Með þessu er undirstrikað mikilvægi þess að skýr ákvæði gildi um réttindi og skyldur nemenda. Skólaráðkemur að samningu skólareglna og skulu fulltrúar nemenda einnig taka þátt í gerð þeirra. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólareglna og hann hefur síðasta orðið um orðalag skólareglna ef ágreiningur er fyrir hendi. Mikilvægt er að allir aðilar skólasamfélagsins kosti kapps um að starfsandi sé sem bestur í skólum og vinnufriður til að tími nemenda nýtist sem best til náms og stuðlað sé að almennri velferð og öryggi nemenda í öllu starfi á vegum skólans.

Um V. kafla – fjárhagsmálefni.

Í V. kafla frumvarpsins er kveðið á um fjárhagsmálefni tónlistarskóla. Lagt er til að sveitarfélögin standi áfram undir skuldbindingum hins opinbera við almenna tónlistarskóla, en nýmæli er að ríkissjóður greiði árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem skuli renna í kennslukostnað að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað vegna mið- og framhaldsnáms í söng og framhaldsnáms í hljóðfæraleik. Jafnframt er nýmæli að kveðið sé á um jöfnun aðstöðumunar nemenda til tónlistarnáms sem skal stuðla að því að gera tónlistarnemendum kleift að stunda nám sitt óháð búsetu.

Í kaflanum er fyrst og fremst fjallað um fjárhagsmálefni þeirra tónlistarskóla sem starfa samkvæmt frumvarpinu. Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að setja skýrar reglur um stuðning við tónlistarnám, óháð því hvort tónlistarskóli er rekinn af sveitarfélagi eða einkaaðilum. Rekstur og fjárhagslegur stuðningur við tónlistarskóla verður áfram á ábyrgð sveitarfélaga og er sú skipan í samræmi við gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Tónlistarfræðsla verður áfram valkvætt verkefni sveitarfélaga með sambærilegum hætti og rekstur leikskóla. Hverju sveitarfélagi er í sjálfsvald sett hvort það veitir fjármuni til þessa málaflokks og hvernig það forgangsraðar ráðstöfun þeirra í samræmi við stefnu sína í tónlistarfræðslumálum. Helsta nýmæli kaflans er að mælt er fyrir um að ríkissjóður greiði árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem skuli renna í kennslukostnað að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað vegna mið- og framhaldsnáms í söng og framhaldsnáms í hljóðfæraleik. Markmiðið fyrir með greiðsluþátttöku ríkisins er að gera nemendum á framhaldsskólaaldri kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu eða skráningu lögheimilis. Því er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms í frumvarpinu. Samkvæmt þessu er stuðlað að því að gera nemendum í tónlistarskólum kleift að stunda mið- og framhaldsnám í söng og framhaldsnám í hljóðfæraleik án tillits til skráningar lögheimilis.

Í kaflanum er einnig lagt til að settar verði skýrari heimildir en kveðið er á um gildandi lögum um rétt sveitarfélaga til að takmarka stuðning sinn með hliðsjón af forgangsröðun þeirra fjárheimilda sem til staðar eru hverju sinni fyrir tónlistarfræðslu og setja reglur um forgangsröðun við innritun nemenda. Þannig geti stuðningur við tónlistarnám m.a. tekið mið af aldri nemenda og námsframvindu, sbr. þó 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins, sem heimilar gjaldtöku vegna kennslukostnaðar vegna þeirra nemenda sem stunda annað nám en samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og/eða þegar um er að ræða nám sem ekki nýtur fjárhagslegs stuðnings sveitarfélaga. Í slíkum reglum gæti t.d. falist skilyrði um fullnægjandi námsframvindu hjá nemanda í samræmi við aðalnámskrá eða setning reglu um forgang tiltekins aldurs hóps til tónlistarfræðslu. Í þessu sambandi má nefna að í álitum umboðsmanns Alþingis frá 3. apríl

2007 (mál nr. 4650/2006 og 4729/2006) var m.a. viðurkennt að Reykjavíkurborg væri heimilt að miða stuðning við nemendur upp að tilteknum aldri. Má telja eðlilegt að einnig sé höfð hliðsjón af námsframvindu við úthlutun þeirra fjárheimilda sem ætlaðar eru til tónlistarnáms á hverju ári. Ef nemandi stundar hins vegar grunn- eða miðnám í tónlist utan síns lögheimilissveitarfélags ráða almennar reglur viðkomandi sveitarfélags því hvort um fjárhagslegan stuðning verður að ræða. Um þetta álitafni fjallaði umboðsmaður í áður nefndu álit og komst hann að þeirri niðurstöðu að sveitarfélögum væri heimilt að hafna stuðningi við slíkt nám með vísan til þess að ekki væri um lagaskyldu að ræða til þess að styðja tónlistarskóla sem starfræktir eru utan sveitarfélagsins. Ekki er ætlunin með frumvarpinu að breyta skyldum sveitarfélaga hvað þetta varðar en eins og áður er rakið er sveitarfélögum heimilt að setja almennar reglur eða gera þjónustusamning við tónlistarskóla sem m.a. geta verið starfandi utan sveitarfélagsins enda þótt þeir veiti íbúum þess þjónustu.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um ábyrgð sveitarfélaga á fjárstuðningi við tónlistarskóla. Skv. 1. mgr. standa sveitarfélög straum af tónlistarkennslu í tónlistarskólum sem falla undir ákvæði frumvarpsins.

Skv. 1. mgr. skulu sveitarfélög sem reka tónlistarskóla, greiða launakostnað skólastjóra og kennara í samræmi við samþykkt rekstraráætlun og þær breytingar sem verða á launatöxtum í samræmi við kjarasamninga sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara og skólastjóra tónlistarskóla á hverjum tíma sbr. 20. gr.

Í 2. mgr. segir að sjálfstætt starfandi tónlistarskólar sem eru reknir af öðrum en sveitarfélögum en njóta stuðnings samkvæmt frumvarpi þessu, skuli senda áætlun um kennslu á næsta fjárhagsári til viðkomandi sveitarstjórnar eigi síðar en 15. maí ár hvert nema annað sé tekið fram í þjónustusamningi eða reglum viðkomandi sveitarfélags. Skal jafnframt gerð grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á kennslu og kennslumagni. Sveitarstjórn skal taka afstöðu til áætlunar skólans og gera samkomulag við skólastjórn um kennslu og starfsmannahald fyrir 15. júní ár hvert nema annað leiði af ákvæðum þjónustusamnings eða almennum reglum sveitarfélagsins. Hér skal tekið fram að nýir tónlistarskólar eiga ekki sjálfkrafa kröfu á stuðningi samkvæmt frumvarpi þessu, sbr. 6. gr., en um það atriði vísast til athugasemda við þá grein.

Í 3. mgr. segir að greiðsla samkvæmt þessari grein skuli fara fram mánaðarlega samkvæmt nánara samkomulagi milli skólastjórnar og sveitarstjórnar.

Þá er kveðið á um það í 4. mgr. að tónlistarskólar sem starfa á grundvelli 5. og 6. gr. frumvarpsins skuli senda sveitarfélögum á sínu starfssvæði ársskýrslu ásamt ársreikningi og veita sveitarfélögum nauðsynlegar upplýsingar um ráðstöfun fjármuna frá viðkomandi sveitarfélagi. Skv. 5. mgr. er sveitarstjórn heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir stuðningi samkvæmt þessari grein, sbr. einnig 16. gr. frumvarpsins. Sveitarfélagi er þannig heimilt að takmarka fjárhagslegan stuðning sinn með setningu almennra reglna um forgangs röðun, svo sem með hliðsjón af aldri nemenda og námsframvindu. Um slíkar reglur Reykjavíkurborgar fjallaði umboðsmaður Alþingis um í álitu sínu frá 3. apríl 2007 (sameinuð mál nr. 4650/2006 og 4729/2006) og komst hann að þeirri niðurstöðu að sveitarstjórn gæti sett slíkar reglur á grundvelli málefnaþgra sjónarmiða. Ef stuðningur ræðst af almennum reglum sem sveitarstjórn hefur staðfest rennur fjárhagslegur stuðningur til þess tónlistarskóla þar sem nemandi stundar nám en ella er um að ræða greiðslu samkvæmt þjónustusamningi, sbr. 8. gr.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um stuðning við nemendur í tónlistarnámi utan lögheimilissveitarfélags síns. Skv. 1. mgr. er réttur nemenda til tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfélags háður reglum sem lögheimilissveitarfélag setur samkvæmt 5. mgr. 15. gr. Kostnaðarþátttaka lögheimilissveitarfélags skal að lágmarki miðast við meðalkennslukostnað fyrir nemendur í grunn- eða miðnámi í viðkomandi tónlistarskóla.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef sveitarfélag starfrækir sjálft tónlistarskóla en nemendur sækja tónlistarnám í öðru sveitarfélagi er sveitarstjórn heimilt að binda stuðning við nemendur sem lokið hafa grunnnámi eða takmarka stuðning við nám í öðrum hljóðfæragreinum en kenndar eru í sveitarfélaginu sbr. þó 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Þessi regla er í meginatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi þykir ekki rétt að gera kröfu til sveitarfélags um að veita nemendum fjárhagslegan stuðning til að sækja þjónustu í annað sveitarfélag ef sambærileg þjónusta er veitt í lögheimilissveitarfélaginu. Í öðru lagi gilda sérstök sjónarmið um nemendur sem þurfa að sækja framhaldsskóla í öðru sveitarfélagi. Má telja æskilegt að þeir nemendur geti hlotið styrk frá sínu sveitarfélagi til að halda áfram tónlistarnámi sem þeir hafa hafið þótt ekki sé rétt að gera ráð fyrir að öll sveitarfélög séu tilbúin að styrkja framhaldsskólanemendur til að hefja grunnnám í tónlist í öðru sveitarfélagi, einkum ef þau standa jafnframt sjálf straum af rekstri tónlistarskóla. Rétt er hins vegar að taka fram að sveitarstjórnir geta samþykkt eins rúmar reglur og þær sjálfar kjósa. Umrædd frumvarpsákvæði binda þannig á engan hátt hendur sveitarstjórna til að ganga lengra í stuðningi við íbúana.

Um 17. gr.

Greinin kveður á um tiltekna breytingar á fjárstuðningi hins opinbera til almennra tónlistarskóla. Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að ríkissjóður veiti árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem skal renna í kennslukostnað að viðbættu álagi fyrir stjórnunarkostnað vegna miðnáms í söng og framhaldsnáms í söng- og hljóðfæraleik. Jafnframt segir að við ákvörðun framlagsins á fjárlögum skuli tekið mið af áætluðu kennslumagni og kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma. Hér er um að ræða sambærilegan fjárstuðning og tekinn var upp í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms frá 13. maí 2011, sem tók til skólaáranna 2011-2012 og 2012-2013. Eitt meginmarkmið samkomulagsins var að jafna aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Lagður var grundvöllur að eflingu tónlistarnáms með fjárstuðningi ríkissjóðs til sveitarfélaga til að standa straum af kennslukostnaði í tónlistarskólum sem gerði nemendum kleift að stunda miðnám í söng og framhaldsnám í söng og hljóðfæraleik, óháð búsetu. Hér er gert ráð fyrir því að ríki og sveitarfélög geri samkomulag sín á milli um þá fjárhæð sem lögð verður til í fjárlagafrumvarpi hverju sinni. Í slíku samkomulagi verði jafnframt fjallað um þau verkefni ríkis og sveitarfélaga sem kunna að koma til uppgjors í fjárhagslegum samskiptum þeirra á milli.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að fjárhagslegur stuðningur við nemendur samkvæmt greininni renni til þess sveitarfélags sem rekur tónlistarskóla þar sem nemandi stundar nám óháð lögheimili.

Þá er kveðið á um í 3. mgr. að ráðherra sveitarstjórnarmála setji nánari ákvæði um úthlutun framlags skv. 1. mgr. greinarinnar og eftirlit með ráðstöfun þess í reglugerð sem samin verði í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila. Í samkomulagi um eflingu tónlistarnáms frá 13. maí 2011 og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þess var auk fjárstuðnings skv. 1. mgr. leitast við að jafna aðstöðumun þeirra nemenda til tónlistarnáms sem af gildum ástæðum þurfa að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags. Hér var einkum horft til nemenda í framhaldsskólum sem sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags og stunda grunnnám í söng eða grunn- og miðnám í hljóðfæraleik og fá námið metið til eininga í framhaldsskóla. Samkvæmt reglum sem innanríkisráðherra hefur gefið út og giltu fyrir skólaárin 2011-2012 og 2012-2013 var miðað við að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiddi hluta kennslukostnaðar í slíkum tilvikum á móti

lögheimilissveitarfélagi nemanda. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir heimild fyrir ráðherra sveitarstjórnarmála til að mæla áfram fyrir um slíkan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til handa þeim nemendum í tónlistarskólum sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr.

Um 18. gr.

Greinin, sem er nýmæli, fjallar um innritun nemenda í tónlistarskóla. Hver tónlistarskóli ber ábyrgð á innritun nemenda, en gera verður ráð fyrir að í þjónustusamningum skv. 8. gr. verði sérstaklega kveðið á um skyldur einstakra tónlistarskóla við innritun nemenda og þær reglur sem skóli leggur til grundvallar innritun nemenda. Mikilvægt er einnig að við innritun séu veittar upplýsingar um kostnað nemenda af náminu.

Í 2. mgr. greinarinnar er tekið fram að tónlistarskóla sé heimilt að gera sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir í tónlistarskóla. Slík regla er talin eðlileg og í samræmi við gildandi framkvæmd enda geta námsbrautir verið misþungar.

Skv. 3. mgr. skulu foreldrar veita tónlistarskólum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru og gætu haft áhrif á nám nemenda sé þess óskað af hálfu tónlistarskólanna. Þá segir í 4. mgr. að ráðherra muni setja nánari ákvæði í reglugerð um meðferð og miðlun upplýsinga um námsframvindu vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í tónlistarskóla og rétt foreldra til þess að fá vitneskju um slíkar upplýsingar.

Um 19. gr.

Greinin fjallar um innheimtu skólagjalda og kennslukostnaðar og kemur í stað 10. og 11. gr. gildandi laga. Hér er mælt er fyrir um að hver tónlistarskóli skuli bera ábyrgð á innritun nemenda og að nánar verði kveðið á um skyldur einstakra tónlistarskóla um innritun nemenda og þær reglur sem skóli hyggst leggja til grundvallar innritun nemenda í þjónustusamningi samkvæmt 8. gr. frumvarpsins. Jafnframt er lögð til sú breyting í kaflanum að tónlistarskóla verði heimilt að innheimta önnur gjöld en skólagjöld (kennslugjald) af þeim nemendum sem njóta einskis eða skerts fjárhagslegs stuðnings sveitarfélags, sbr. 15. og 16. gr. frumvarpsins.

Miðað er við að fjárhagslegur stuðningur sveitarfélaga og ríkisins við starfsemi tónlistarskóla svari til launakostnaðar kennara og skólastjóra, eftir atvikum á grundvelli umsamins kennslumagns og fjölda nemenda, sbr. 15. og 17. gr. frumvarpsins. Tónlistarskólum er að auki heimilt að innheimta skólagjöld til að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en stuðningi nemur, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaður er ekki borinn með öðrum hætti, svo sem með styrkjum eða annarri fjáröflun. Í 2. mgr. er kveðið á um að auk skólagjalda verði tónlistarskólum heimilt að innheimta önnur gjöld, svo sem kennslugjald af þeim nemendum sínum, sem njóta einskis eða skerts fjárhagslegs stuðnings sveitarfélaga eða ríkisins samkvæmt frumvarpinu. Slík gjaldtaka er í samræmi við það sem hingað til hefur tíðkast, m.a. varðandi nemendur í tómsundanámi enda ekki sérstök rök til þess að opinberir aðilar veiti fjárstuðning til slíks náms. Einnig gæti m.a. reynt á slíka gjaldtöku vegna nemenda sem ekki njóta stuðnings vegna reglna sveitarfélags um forgangsrétt til tónlistarnáms. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli sem kveður á um að tónlistarskólum verði auk skólagjalda heimilt að innheimta kennslugjald hjá þeim nemendum sínum sem ekki njóta fjárhagslegs stuðnings sveitarfélaga eða ríkisins. Til grundvallar slíkri innheimtu er sú regla sem fram kemur í 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins að sveitarfélögum verði heimilt hverju fyrir sig að takmarka fjárhagslegan stuðning við nemendur sem lokið hafa grunnnámi, eða takmarka stuðning við nám í öðrum hljóðafæragreinum en kenndar eru í sveitarfélaginu, sbr. þó 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Einnig ber að hafa í huga að tónlistarnám sem fellur utan skilgreinds grunn-, mið- og framhaldnáms í tónlist samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla er ekki styrkhæft samkvæmt lögum þessum þótt sveitarfélögum sé áfram frjálst að meta slíkt nám styrkhæft.

Um 20. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 7. og 9. gr. gildandi laga en tekur þó mið af breytingum á laga- og kjarasamningaumhverfi sveitarfélaga. Í 1. mgr. er kveðið á um að um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna tónlistarskóla í eigu sveitarfélaga gildi ákvæði kjarasamninga á hverjum tíma, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga. Í 2. mgr. er tekið fram, líkt og í 9. gr. gildandi laga, að starfsmenn tónlistarskóla, sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum en njóta styrks samkvæmt lögum þessum, skuli að lágmarki njóta launa í samræmi við kjarasamninga sem launanefnd sveitarfélaga gerir við stéttarfélög þeirra á hverjum tíma.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir að tónlistarskólar eigi rétt á framlögum úr sameiginlegum sprotasjóði skóla. En hlutverk sjóðsins er m.a. að styðja við þróunarstarf og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda. Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að tónlistarskólar eigi rétt á framlögum úr sameiginlegum sprotasjóði skóla. Sjóðurinn eru þeir fjármunir sem á fjárlögum hefur verið ráðstafað til þróunarstarfs í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Hér er lagt til að fjárveitingin renni í einn sjóð, Sprotasjóð skóla. Um sjóðinn er nánar fjallað um í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins er m.a. að styðja við þróunarstarf og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Um 22. gr.

Greinin fjallar um samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar og er nánast samhljóða 13. gr. gildandi laga, að því viðbættu að lagt er til að Félag íslenskra hljómlistarmanna, sem ekki hefur átt fulltrúa í nefndinni, tilnefni einn fulltrúa og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo fulltrúa í nefndinni í stað eins. Leiðir þetta til fjölgunar nefndarmanna úr fimm í sjö. Verkefni samstarfsnefndarinnar er að hafa heildarsýn yfir tónlistarfræðslu í landinu ásamt því að fylgjast með stöðu hennar og þróun. Tónlistarskólar þurfa að hafa yfirsýn yfir tónlistarlífið á sínu svæði og stuðla með markvissum hætti að heildstæðri þróun á því sviði. Menntastofnanir á sviði tónlistarfræðslu verða að starfa í menningarlegu jafnvægi við umhverfið. Stofnanirnar verða að velta upp nýjum möguleikum og eiga frumkvæði að því að nálgast nýja markhópa sem ekki hafa hefð fyrir að taka þátt í starfsemi stofnananna. Hér má nefna sem þróunarmöguleika, endurmenntun almennings, alþjóðlegar tengingar, nýbúa og erlent samstarf. Á þann hátt munu tónlistar- og listaskólar rækja hlutverk sitt sem þekkingarauðlind í sínu nánasta umhverfi í þágu einstaklinga og hópa sem vilja með einhverjum hætti vera þátttakendur í tónlistarlífi.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að lögin öðlist gildi 1. júlí 2013. Þar sem frumvarpið felur í sér umtalsverðar breytingar frá ákvæðum gildandi laga sem taka mun tíma að kynna og innleiða þykir eðlilegt að miða frumvarpið við upphaf fjárhagsárs sveitarfélaga. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, með síðari breytingum.

Um ákvæði til bráðabirgða I

Með ákvæðinu er lagt til að þeir tónlistarskólar sem eru starfandi fyrir gildistöku laganna á grundvelli viðurkenningar samkvæmt lögum nr. 75/1985, haldi viðurkenningu sinni í tólf mánuði, enda fullnægi þeir lágmarkskröfum samkvæmt frumvarpinu. Innan þess tíma gefist tónlistarskólum sveitarfélaga og sjálfstætt starfandi tónlistarskólum frestur til að sækja um viðurkenningu til ráðuneytisins á grundvelli 7. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II

Fyrirsjáanlegt er að töluverða vinnu þarf að leggja í að endurskoða þær reglugerðir, auglýsingar og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett hafa verið með stoð í gildandi lögum. Því er gert ráð fyrir að reglugerðir, auglýsingar og önnur stjórnvaldsfyrirmæli haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangist ekki við lögin. Mikilvægt er, verði frumvarpið að lögum, að vinna við nýjar reglugerðir fyrirmæli hefjist þegar í stað.